

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR 2019 - 2020

Lögð fram á sambandsstjórnarfundum RSÍ
þann 5. júní 2020



RAFIÐNÐARSAMBAND
ÍSLANDS

INNGANGUR FORMANNS

Síðastliðið starfsár hefur verið mjög viðburðasamt og mun verða sögulegur tími bæði hér á landi sem og í heiminum öllum. Það þarf vart að nefna hversu gríðarlega mikil áhrif Kórónaveiran, Covid-19, hefur haft á öll ríki og þar á meðal Ísland. Um miðjan mars 2020 var gripið til mestu ferðatakmarkana sem um getur eftir að samgöngur urðu auðveldar á milli landa. Bæði flug og siglingar hafa svo gott sem legið niðri hvað varðar farþegaflutninga en nú horfir fram á bjartari tíð hvað þetta varðar. Atvinnuleysi hefur aukist hratt og mikill fjöldi fólks hefur farið í hlutastarf og fengið atvinnuleysisbætur á móti. Um 55 þúsund manns hafa þurft að nýta úrræði stjórnvalda hvort sem um er að ræða hlutabætur eða fullt atvinnuleysi. Hjá RSÍ hefur atvinnuleysi aukist verulega en á milli 5-10% félaga okkar hafa misst atvinnuna eða farið í hlutastarf.

Frá því þing RSÍ var haldið í maí 2019 hefur tekist að ljúka fjölmörgum kjarasamningum við viðsemjendur. Launahækkanir taka ætíð mið af almenna kjarasamningnum. Kauptaxtar eru að hækka að lágmarki um 90.000 krónur á samningstímanum en í mörgum samningum var farið í meiri breytingar sem geta skilað félögum okkar meiri hækkan líkt og gert var í almenna samningnum. Í allflestum kjarasamningum hefur verið samið um styttri vinnuviku en áður hefur gilt. Þá hefur verið samið um 65 mínútna styttingu á vinnutíma til viðbótar við niðurfellingu kaffihléa. Þess ber að geta að í flestum kjarasamningum hafði þegar verið búið að fella út kaffihlé og því var viðbótarstytting yfirleitt útfærð á hverjum samningi fyrir sig. Ákvæði um yfirvinnu hefur jafnframt verið útfært inn í samningana en ljóst er að helsta baráttumál okkar verður að gera breytingar á yfirvinnuákvæðum í næstu samningalotu þar sem markmiðið verður að hækka yfirvinnuálag almennt. Það hefur sýnt sig að mikilvægt var að hækka lágmarkslaun umfram önnur laun því vegna efnahagsaðstæðna hefur þrýstingur á laun aukist.

Eitt af meginmarkmiðum kjarasamninga 2019 var að ná fram lækkun á vöxtum hér á landi. Markmið sem við settum okkur og kynntum félögum okkar var að ná lækkun vaxta um allt að 1,5 prósentustigi. Þegar kjarasamningar voru undirritaðir þá voru



stýrivextir 4,5% og höfðu þá hækkað um 0,25 prósentustig í nóvember 2018. Ljóst var að með þeim kjarasamningum sem gerðir voru og efnahagsaðstæðum væri mögulegt að lækka stýrivexti. Stýrivextir lækkuðu um 0,5 prósentustig í maí 2019 og hafa lækkað sex sinnum frá þeim tíma og standa núna, í maí 2020, í 1,75%. Þetta er lækkun upp á 2,75 prósentustig eða rúmlega 61% lækkun vaxta á þessu ári sem liðið er. Áhrifin sem af þessu hlýst á heimili landsmanna eru að sjálfsögðu gríðarleg, kemur vissulega ekki til af góðu undir lok tímabilsins en gerir það að verkum að samfélagið var töluvert vel undir það búið að takast á við efnahagsáföll. Til þess að setja vexti í samhengi við skuldir heimilanna þá er það þannig að hafi félagi okkar verið með lán á breytilegum óverðtryggðum vöxtum að upphæð 20 milljónir á tímabilinu þá hefur þessi lækkun sparað um 550.000 kr. á ári í vaxtagreiðslur eða tæplega 46 þúsund krónur á mánuði! Önnur eins kjarabót hefur ekki sést hjá okkur hér á landi. Til þess að standa straum af greiðslu á þessu láni hefði viðkomandi þurft að vinna sér inn 77.000 kr til að fá þessar upphæðir í hendurnar eftir skatt. Þessar aðstæður hafa því gert fólki kleift að rýna í lánakjör sín og endurfjármagna séu lánakjör ekki samkeppnishæf.

Unnið hefur verið að því að bæta þjónustu við félaga okkar. Miðstjórn RSÍ ákvað síðasta haust að hefja stefnumótunarvinnu til þess að skerpa á þeim fókusi sem við viljum hafa í starfinu. Vinnan hófst á vinnufundi miðstjórnar RSÍ í september

2019 og var í fullum gangi þegar kórónaveiran setti strík í reikninginn. Þar sem fundarhöld voru stöðvuð með samkomubanni og takmörkunum var ákveðið að fresta vinnunni fram á haustið 2020. Sú vinna sem hafði þegar farið fram nýttist samt sem áður í framhaldið en skynsamlegra var að bíða þessa erfiðu tíma af okkur og vinna þetta þegar allir hefðu meira svigrúm í tíma.

Á þingi RSÍ 2019 var samþykkt að veita Grafíu – stéttarfélagi í prent- og miðlunargreinum aðild að RSÍ. Áður hafði miðstjórn tekið erindi félagsins fyrir þar sem fulltrúum RSÍ og Grafíu var falið að fara yfir þá þætti sem nauðsynlegt væri að ræða og útfæra í samkomulagi á milli aðila. Samþykkt var í miðstjórn að vísa samkomulaginu til þingsins. Í aðdraganda þingsins voru haldnar kynningar til þess að kynna þingfulltrúum innihald samnings en ekki síður að kynna starfsemi Grafíu fyrir hópnun. Innkoma Grafíu inn í RSÍ hefur gert okkur gott, breiddin hefur aukist hjá RSÍ og tækifærin verða þó nokkur fyrir félag okkar til frambúðar. Grafía gerir tvo kjarasamninga um kjör félaga sinna þannig að kjaramálin haldast óbreytt þó svo samstarf geti verið haft við gerð kjarasamninga líkt og undanfarin ár. Grafía hefur staðið vel að endurmenntun fyrir félag sína og eru tækifæri hjá okkur að efla endurmenntun í öllum okkar greinum. Sjúkrasjóður Grafíu rennur inn í sjúkrasjóð RSÍ sem mun til lengri tíma auka svigrúm til þess að auka réttindi félaga okkar.

Með inngöngu Grafíu gefst öllum félögum okkar innan RSÍ kostur á að sækja inn á ný orlofssvæði en þar má nefna hús á Illugastöðum og gríðarlega flott svæði í Miðdal við Laugarvatn þar sem bæði eru orlofshús til útleigu líkt og við þekkjum svo vel í kerfi RSÍ en til viðbótar geta allir félagar innan RSÍ komist inn í eignarfyrirkomulag sem Grafía hefur staðið að um áratugaskeið. Þá geta félagar keypt orlofshús í orlofsbyggðinni en það er mjög eftirsótt. Á næstu árum má gera ráð fyrir að lóðum verði fjölgað á svæðinu þar sem félagar geta þá byggt hús á lóð sem þeir leigja frá orlofssjóði. Allt á þetta eftir að þróa áfram á næstu árum.

Í fyrsta skipti í sögu FÍR var kona kosin formaður félagsins. Margrét Halldóra Arnarsdóttir náði yfirburða kosningu með tæplega 85% atkvæða. Þrátt fyrir að hafa tekið við stjórnartaumum félagsins á þessum mjög svo sérstöku tímum þá hefur hún sett mark sitt á rekstur félagsins og mun örugglega láta enn meira að sér kveða á komandi mánuðum og árum.

Framundan á næsta starfsári eru fjölmörg verkefni. Forsendur kjarasamninga verða metnar í september 2020 af forsendunefnd sem aðildarfélag innan ASÍ hafa skipað sameiginlega í. Fari þá svo að forsendur séu brostnar þá skilar forsendunefndin þeirri niðurstöðu til samninganefndar ASÍ þar sem ákvörðun verður tekin um hvað skuli gera í kjölfarið. Sú staða getur klárlega komið upp að samningum verði sagt lausum og tekur það þá gildi um áramótin.

Gera má fastlega ráð fyrir því að viðsemjendur muni segja kjarasamningum lausum og þá munum við vera undir það búin. Stefnt verður á að undirbúningur fyrir næstu samningalotu hefjist á haustmánuðum og í vetur. Í því felst þá að innanbúðarvinna hjá RSÍ fer af stað til þess að ákveða með hvaða hætti aðildarfélögin vilja fara í viðræðurnar, setja skýr markmið og heyra í félögum okkar líkt og venjulega. Líklegast er að haldnir verði félagsfundir um land allt til að fanga áherslur félaga okkar. Það fyrirkomulag sem hefur verið notað á síðustu árum hefur falist í samtali við félag okkar um land allt, félagsfundum þar sem kröfur eru ræddar og helstu markmið.

Undirbúningur mun líklega fara meira fram með rafrænum hætti en áður.

Það er ljóst að áskoranir geta orðið aðrar en við gerðum ráð fyrir á síðasta ári enda hafa afleiðingar af Covid-19 gert það að verkum að við höfum þurft að grípa til ráðstafana sem almennt var ekki gert ráð fyrir, til þess að bregðast við gríðarlegri aukningu á atvinnuleysi. Okkur mun takast að komast í gegnum þessar áskoranir með samtakamætti.

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður RSÍ

STARFSEMI SKRIFSTOFU



Stórhöfði 31

Miklar breytingar urðu á skrifstofu RSÍ á árinu 2019. Árið hófst á flutningum á þriðju hæðina þar sem þétt var setið en rýma þurfti aðra hæðina vegna framkvæmda. Þann 1. mars 2019 flutti starfsfólk Samiðnar, þjónustuskrifstofu iðnfélaganna, Félags iðn- og tæknigreina og Byggiðnar á Stórhöfðanum að lokinni langri undirbúningsvinnu. Markmið þessara breytinga er m.a. að leggja áherslu á aukið samstarf iðnfélaganna á hinum ýmsu sviðum og hagræða í rekstri þar sem félögin samnýta móttöku og mötuneyti. Þessi breyting tók gildi um síðustu áramót en þá bættust jafnframt ráðgjafar VIRK í þennan hóp, falla í dag undir sameiginlegan rekstur félaganna. Ekki er ólíklegt að frekari breytingar verði gerðar til að samnýta fleiri þætti í starfsemi. Framkvæmdum á húsnæðinu lauk um mitt ár 2019 en 1. júlí síðastliðinn voru allir starfsmenn komnir með sína starfsstöð. Breytingar á vinnurýmum starfsmanna eru töluverðar þar sem meirihluti þeirra er í opnum rýmum. Til að skapa næði í vinnurýmum og virða trúnað voru sett upp þrjú fundarherbergi á fyrstu hæðinni til að taka á móti félögum sem koma á skrifstofuna. Einnig eru tvö símaherbergi sem starfsmenn geta nýtt fyrir símtöl til að draga úr ónæði og hávaða í opnu rýmum. Á fyrstu hæð (gengið inn um aðalinngang) er móttaka skrifstofunnar, ráðgjafar VIRK í starfsendurhæfingu og starfsfólk kjarateyma og orlofs- og styrktarsjóða allra félaga. Á annari hæð eru skrifstofur formanna, lögfræðings, bókhalds, vinnustaðaeftirlits, mælingamanna og umsjónarmanns fasteigna RSÍ ásamt skrifstofum fyrir formenn aðildarfélaganna.

Tveir nýjir aðilar bættust í hóp starfsfólks á Stórhöfða 31 fyrrihluta síðasta árs. Hubert Pawlik hóf störf 3. apríl 2019 en hann sinnir vinnustaðaeftirliti fyrir iðnaðarmannasamfélagin á Stórhöfðanum. Helga Árnadóttir var ráðin til starfa í móttöku 1. maí 2019. En þau eru bæði starfsmenn sameiginlegs reksturs félaganna sem koma að starfsemi. Nú eru tveir starfsmenn

í fullu starfi í móttöku, en ásamt Helgu sinnir Gerður Helgadóttir einnig því starfi.

Síðastliðið vor var haldin nafnasamkeppni, meðal félagsmanna allra þeirra félaga sem koma að starfsemi Stórhöfða 31, um nafn á húsinu okkar. Þátttakan var góð og margar tillögur skiluðu sér til dómnefndar. Niðurstaða dómnefndar var svo kynnt 22. nóvember 2019 á formlegum opunardegis starfseminnar á Stórhöfðanum. Fjölmargir gestir sáu sér fært að mæta og gleðjast með okkur þennan dag sem var vel heppnaður í alla staði. Nafnið á húsinu var kynnt, Hús Fagfélaganna en þá tillögu áttu þau Þóra G. Thorarensen og Guðmundur Ingvar Kristófersson.

Unnið hefur verið að innleiðingu jafnlaunastaðals á skrifstofu RSÍ, en stefnt var að vottun vorið 2020. Því hefur verið frestað vegna áhrifa Covid-19 en stefnt að vottun síðar á árinu. Markmið jafnlaunastaðals er að tryggja að konum og körlum séu greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Hann tryggir að ákvarðanir í launamálum byggji á málefnalegum sjónarmiðum, feli ekki í sér kynbundna mismunun og leiðir af sér gagnsærra og réttlátara launakerfi. Á miðstjórnarfundi RSÍ 23.08.2019 var jafnlaunastefna RSÍ samþykkt þar sem fram kemur að Rafiðnaðarsamband Íslands skuldbindur til til að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf og sambærilega frammi-stöðu óháð kyni, kynþætti eða öðrum órök-studdum viðmiðum. Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks.

Vinna er hafin við stefnumótun fyrir miðstjórn RSÍ til næstu fjögurra ára. Sú vinna hófst á vinnudögum miðstjórnar í september 2019. Markmiðið er að draga fram leiðarljós í starfi miðstjórnar og móta framtíðarsýn næstu fjögur árin með það í huga að þær hugmyndir sem kæmu fram yrðu nýttar sem undirbúningur fyrir stefnumótunarvinnu sambandsins. Guðfinna S. Bjarnadóttir var með erindi um stefnumótun á vinnudögum miðstjórnar þar sem grunnurinn var lagður að næstu skrefum. Áhersla er á að skoða tækifæri, ógnanir, styrkleika og veikleika í starfsemi sambandsins og móta út frá því stefnu sem unnið verður eftir. Í kjölfarið var ákveðið að ganga til frekara samstarfs við Guðfinnu og stofnaður stefnumótunarhópur sem fékk það verkefni að leiða þetta starf fyrir hönd sambandsins. Í stefnumótunarhóp eru Árni Gréttar Torfason RSÍ-UNG, Borgþór Hjörvarsson FÍR, Georg P. Skúlason Grafíu, Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS, Jakob Tryggvason FTR, Steinar Guðjónsson FRS, Þórunn S. Jónsdóttir FRV, Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður RSÍ og Sigrún Sigurðardóttir skrifstofustjóri RSÍ. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í nóvember og markmið

að halda fundi með félögum sambandsins því skoðanir þeirra eru mikilvægar þegar stefna þess er mótuð. Gert var myndband sem var birt á heimasíðu RSÍ þar sem stefnumótunarvinnan var kynnt og félagar hvattir til að koma skoðunum sínum á framfæri. Vegna Covid-19 var þessari vinnu frestað en stefnt er að því að henni ljúki á árinu 2020.

19. þing RSÍ var haldið dagana 9.-11. maí 2019. Kristján Þórður Snæbjarnarson var endurkjörinn sem formaður RSÍ til næstu fjögurra ára. Einnig voru endurkjörnir í eftirfarandi embætti þeir Borgþór Hjörvarsson varaformaður, Jakob Tryggvason gjaldkeri og Finnur Víkingsson ritari. Fjöldmörg mál lágu fyrir þinginu en fyrirferðarmest var umræða um nýfstaðna kjarasamninga og umsókn Grafíu um aðild að sambandinu. Umsókn Grafíu var samþykkt með rétt tæplega 60% atkvæða. Undirbúningur hafði staðið yfir í nokkurn tíma og sú vinna kynnt þingfulltrúum í aðdraganda þings. Grafía varð því formlega aðildarfélag að RSÍ frá og með 1. október 2019. Töluverður undirbúningur fór í að keyra saman tölvukerfi Grafíu og RSÍ. Félagar Grafíu fengu því aðgang að mínum síðum og orlofsvef RSÍ frá þeim tíma auk þess sem félagar í öðrum aðildarfélögum RSÍ gátu nýtt ný orlofshús í kerfinu sem fylgdu Grafíu. Ákveðið var í kjölfar þings RSÍ að opna á notkun orlofssvæða RSÍ og Grafíu þannig að félagar gátu farið í útilegu á hvorum stað fyrir sig. RSÍ fékk tvo nýja starfsmenn í starfsmannahópinn samhliða þessu og hafa þau Georg og Hrönn svo sannarlega verið mikill fengur fyrir starfsemi RSÍ. Aftur að þinginu en þingfulltrúar tóku þátt í “Rakarastofuráðstefnu” í samstarfi við UN Women. Tilgangur hennar er að skapa körlum svigrúm til að ræða jafnréttismál og hvernig þeir geta beitt sér gegn kynjamisrétti og stuðlað að kynjajafnrétti í sínu nærumhverfi. Samstarf UN Women og RSÍ mun halda áfram samkvæmt ákvörðun þingsins þar sem ákveðið var að RSÍ gerðist bakhjarl UN Women á Íslandi og mun styrkja þau um kr 2.500.000 á ári næstu fjögur árin. unwomen.is/arsskyrslur/

Menntamál eru ofarlega í starfi RSÍ en um langt skeið hefur ítrekað verið unnið að því að auka veg iðnmenntunar á Íslandi og hvert tækifæri nýtt til þess að stuðla að aukinni aðsókn í okkar greinum. Aðsókn hefur verið að aukast jafnt og þétt í rafiðngreinar sem er ánægjulegt en skortur hefur verið á starfsfólki í þeim greinum. RSÍ hefur kallað eftir því að gerð verði mannafla- og færnisþá fyrir íslenskt samfélag með reglubundnum hætti. Þannig megi stýra betur framboði náms í menntakerfinu með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. En mikilvægt er að horft sé til aukningar á fjármagni samhliða því þegar fjölga þarf

nemendum í ákveðnum greinum. Það er kostnaðarsamt fyrir samfélagið að mennta fólk til starfa sem ekki er þörf fyrir.

KJARATEYMI

Kjarateymi er skipað starfsmönnum sem sinna kjaramálum en þeir eru Adam Kári Helgason, Björn Eysteinnsson, Björn Ágúst Sigurjónsson, Georg P. Skúlason, Ísleifur Tómasson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Sigrún Sigurðardóttir og Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður. Georg bættist í hópinn 1. október síðastliðinn þegar aðild Grafíu að RSÍ tók formlega gildi. Framlag hans er góð viðbót í þennan hóp þar sem mikil reynsla fylgir honum í kjaramálum. Starf kjarateymisins byggir á náinni samvinnu þar sem upplýsingamiðlun er mikilvæg ásamt skýru ferli þegar mál þurfa að fara lengra svo sem til dómstóla. Í slíkum tilvikum er góður undirbúningur mála forsenda, þ.e. þegar um aðkomu lögmanns er að ræða. Samstarf með þessum hætti tryggir fagleg vinnubrögð. Breyting var gerð á starfshlutfalli lögmanns en samningur við hann var endurnýjaður í lok síðasta árs og er hann nú í 80% starfshlutfalli. Einnig voru gerðar breytingar á starfslýsingum nokkurra starfsmanna en Adam Kári Helgason sem áður hafði umsjón með orlofsíbúðum í Reykjavík sinnir ekki því verkefni lengur, en hann mun nú alfaríð sinna vinnustaðaeftirliti, eftirfylgd erlendra starfsmanna og almennum kjaramálum. Björn Ágúst Sigurjónsson verður við þessar breytingar umsjónarmaður fasteigna RSÍ og hafa umsjón með viðhaldi orlofshúsa í samráði við umsjónarmenn orlofsbyggðanna.

ÞJÓNUSTUTEYMI

Þjónustuteymi sinnir málefnum orlofs- og styrktar-sjóðs auk almennrar móttöku félagsmanna inn á skrifstofu RSÍ. Þessir þættir eru umfangsmikill þáttur þjónustunnar enda mikil tenging við félagsmenn í gegnum styrktar- og orlofssjóð. Starfsmenn þjónustuteymis eru Álfhildur Guðmundsdóttir bókarí, Björn Ágúst Sigurjónsson umsjónarmaður fasteigna RSÍ, Hrönn Magnúsdóttir umsjónarmaður orlofskerfis RSÍ, Erla Sigríður Erlingsdóttir gjaldkeri og Sigrún Sigurðardóttir skrifstofustjóri. Hrönn Magnúsdóttir er nýr starfsmaður RSÍ en hún kom til starfa 1. október sl. þegar aðild Grafíu að RSÍ tók formlega gildi. Hrönn er sérfræðingur í grafískri hönnun sem mun nýtast okkur vel en eitt af hennar fyrstu verkefnum var útfærsla og gerð nýs orlofshúsabæklings sem nú er aðgengilegur á heimasíðu RSÍ. Hún mun jafnframt hafa umsjón með orlofshúsakerfi sambandsins og samskiptum við félagsmenn vegna þess.

ENDURHÆFINGARTEYMI

Rafiðnaðarsambandið hefur haft umsjón með starfi ráðgjafa VIRK í starfsendurhæfingu. Frá síðustu áramótum var því fyrirkomulagi breytt og var starfsemi ráðgjafa á Stórhöfðanum og Borgartúni sameinuð og færð undir sameiginlega starfsemi iðnfélaganna, Hús Fagfélaganna. Endurhæfingarteymi RSÍ var því lagt niður um síðustu áramót. Ráðgjafar VIRK í starfsendurhæfingu á Stórhöfðanum eru Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Raket Björk Gunnarsdóttir og Unnur B. Árnadóttir. Ráðgjafarnir eru með skrifstofu á 1. hæðinni á Stórhöfða 31.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Allar vinnustaðaheimsóknir eru skráðar í sameiginlegt tölvakerfi sem rekið er af ASÍ og SA. Þeir aðilar sem hafa aðgang í kerfið eru að auki Ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun og Lögreglan þar sem þessar stofnanir fylgjast með þeim aðilum sem skráðir eru og sannreyna að t.a.m. atvinnuleyfi sé til staðar og að skattar og gjöld skili sér í ríkiskassann.

Þegar við rýnum í fjölda vinnustaðaheimsókna þá sjáum við að skráðir einstaklingar árið 2019 voru í heildina 6.574 manns. Af þessum hópi skráðu eftirlitsfulltrúar RSÍ 31% eða 2.053 einstaklinga. RSÍ hefur unnið að því að auka vægi vinnustaðaeftirlits og má sjá þess merki í öllum tölum árið 2019. Ráðinn var sameiginlegur eftirlitsfulltrúi á Stórhöfða sem starfar fyrir hönd iðnfélaganna og skýrir aukið vægi okkar í fjölda eftirlitsdaga og skráninga.

Markmið vinnustaðaeftirlitsins er ekki eingöngu að skrá einstaklinga heldur fyrst og fremst að heimsækja sem flesta vinnustaði sem falla undir

	Allir	RSÍ	Hlutfall
2015	2358	283	12%
2016	7444	670	9%
2017	8085	1051	13%
2018	6896	780	11%
2019	6574	2053	31%
2020	871	227	26%

Eftirlitsdagar	Allir	RSÍ	Hlutfall
2015	71	15	21%
2016	182	57	31%
2017	208	67	32%
2018	202	63	31%
2019	200	126	63%
2020	39	18	46%

lögin um vinnustaðaeftirlit. Að vera sýnileg og veita stuðning til starfsmanna og veita fyrirtækjunum aðhald á sama tíma. Alþýðusamband Íslands heldur utan um heildarskipulag eftirlitsins þó svo verkstjórn sé hjá hverju félagi fyrir sig. Mikilvægt verður að vinna að stefnumarkandi aðgerðum á næstu mánuðum þar sem eftirlit verði gert hnitmiðaðra og markvissara. Í því samhengi horfum við bæði til samstarfs iðnfélaganna sem og ASÍ.

Rétt er að ítreka að markmiðið er ekki að skrá sem flestar kennitölur heldur að eftirlitið sé virkt, að eftirlitsfulltrúar séu sýnilegir og heimsæki sem flesta vinnustaði. Að eftirlitið sé virkt sem flesta daga á hverju ári.

Það sem af er árinu 2020 þá hefur Covid-19 haft verulega mikil áhrif á störf eftirlitsfulltrúa enda hefur aðgengi að verkstöðum orðið erfiðara þar sem unnið hefur verið að því að draga úr smit-hættu. Rafræn eftirfylgni hefur þó verið viðhöfð á þessu tímabili eins og kostur er. Hafi borist ábendingar þá hefur verið unnið úr þeim. Samhliða afléttingu takmarkana á samkomum má gera ráð fyrir að eftirlitið komist nær fyrra horfi.

HELSTU KENNITÖLUR ÚR BÓKHALDI

Félagsgjöld til RSÍ árið 2019 (iðgjöld félagsmanna) námu alls 265,1 milljónum króna og hækkuðu um 7,1 milljónir, það jafngildir 2,7% hækkun á milli ára. Breyting sem við sjáum er nokkuð minni en undanfarin ár en skýrist það líklega af nokkrum meginþáttum. Atvinnuleysi hefur aukist jafnt og þétt síðasta árið og má tengja þá þróun við fall WOW air og þær þrengingar sem hafa orðið á markaði í kjölfar þess, loðnubrestur og almennt samdráttur. Rekstrartekjur í samstæðunnar í heild námu um 940,1 milljónum, þar af söluhagnaður af fastafjármunum en á árinu voru meðal annars seldar íbúðir í Ljósheimum. Rekstrargjöld á árinu 2019 námu alls 888,3 milljónum og því varð rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur jákvæð um tæpar 52 milljónir, vaxtatekjur og gjöld námu 35,3 milljónum og var því rekstrarafkoma ársins samtals 87,1 milljónir. Þetta á við um samstæðu RSÍ heild sinni. Sambandssjóður er miðja bókhalds RSÍ og aðildarféлага. Heildartekjur sambandssjóðs voru um 172,1 milljónir og drógust saman um 2,6% á milli ára, vegna breytinga á útstandandi iðgjöldum. Rekstrargjöldin námu hins vegar um 183,8 milljónum og því var rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur neikvæð um samtals 11,7 milljónir. Sambandssjóður greiðir vexti til annarra sjóða sambandsins og aðildarféлага þess og námu nettó vaxtagreiðslur samtals 10,6 milljónum á milli sjóða. Rekstrarafkoma sambandssjóðs er því neikvæð um 22,4 milljónir. Hér munar mestu

um aukinn kostnað vegna þings RSÍ og lögfræðikostnað sem var ófyrirséður í rekstraráætlun RSÍ. Stór stund rann upp á árinu 2019 þegar gamli Rafiðnaðarskólinn greiddi síðustu greiðslur inn á skuldabréfin sem RSÍ keypti af skólanum á sínum tíma. Því er tilefni til að fagna þessum tímamótum. RSÍ hefur lagt mikla áherslu á að efla menntun félagsmanna og nú þegar hefur verið bætt verulega í styrki til félaga sem greiða í Menntasjóð rafiðnaðarins. Nú stendur félögum til boða styrkur upp á 140.000 kr vegna námskeiða sem ekki er boðið upp á hjá RAFMENNT, svo dæmi sé tekið.

FUNDIR MIÐSTJÓRNAR

Miðstjórn hefur fundað 13 sinnum á liðnu starfsári auk þess sem framkvæmdastjórn hefur fundað reglulega, iðulega í aðdraganda miðstjórnarfunda. Vinnudagar miðstjórnar voru haldnir dagana 19. og 20. september síðastliðinn. Á fundinum var farið yfir niðurstöður viðhorfskönnunar sem lögð var fyrir þingfulltrúa á síðasta þingi. Farið var yfir siðareglur sambandsins ásamt undirbúningi fyrir stefnumótun sambandsins og framtíðarsýn næstu 4 árin. Jóhann Ingi Gunnarsson vinnusálfræðingur var með fyrirlestur og stýrði hópavinnu þar sem þema umræðunnar var “að vinna sigra saman”

Verkefni miðstjórnar hafa verið fjölbreytt að vanda, kjaramálin hafa verið fyrirferðarmikil enda gengið frá fjölmörgum kjarasamningum á starfsárinu. Breyting var gerð á framkvæmdastjórn undir lok starfsársins í kjölfar kosninga um formann FÍR.

Borgþór Hjörvarsson fráfarandi formaður FÍR vék úr framkvæmdastjórn og nýr formaður Margrét H. Arnarsdóttir, tók sæti í hans stað sem meðstjórnandi.

STJÓRNIR OG NEFNDIR RSÍ



Framkvæmdastjórn

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV

Varaformaður: Borgþór Hjörvarsson, FÍR
(vék sæti á miðstjórnarfundi 20.03.2020)

Ritari: Finnur Víkingsson, RFN

Gjaldkeri: Jakob Tryggvason, FTR

Meðstjórn: Guðrún S. Bergþórsdóttir, FÍS

Meðstjórn: Jón Óskar Gunnlaugsson, RFS

Meðstjórn: Margrét H. Arnarsdóttir, FÍR (tók sæti samkvæmt ákvörðun miðstjórnar, tekin á miðstjórnarfundi 20.03.2020)

Meðstjórn: Sigmundur Þórir Grétarsson, FÍR

Miðstjórn (auk framkvæmdastjórnar)

Aðalmenn

Borgþór Hjörvarsson FÍR

Kristján Helgason, FÍR

Helgi Marteinn Ingason, FÍR

Guðmundur Ævar Guðmundsson, FÍR

Hilmar Guðmannsson, FÍR

Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTR

Haflíði Sívertsen, FTR

Ragnar G. Gunnarsson, FTR

Sigurjón Ólason, FTR

Eyjólfur Ólafsson, FRV

Bára Laxdal Halldórsdóttir, FRV

Steinar Guðjónsson, FRS

Georg Páll Skúlason, GRAFÍA

Hrönn Jónsdóttir, GRAFÍA

Aron Máni Nindel Haraldsson, RSÍ-UNG

Varamenn

Viðar Már Þorsteinsson, FÍR

Jakob Leifsson, FÍR

Guðmundur Gunnarsson, FÍR

Anna Melsteð, FTR

Páll S. Guðmundsson, FTR

Haþþór Ólafsson, FTR



Aftari röð (frá vinstri): Ragnar Guðmundur Gunnarsson, Reynir Jónsson, Helgi Marteinn Ingason, Sigmundur Þórir Grétarsson, Viðar Már Þorsteinsson, Jakob Leifsson, Haflíði Sívertsen, Hilmar Guðmannsson, Georg Páll Skúlason, Sigurjón Ólason, Steinar Guðjónsson, Jakob Tryggvason og Andri Jóhannesson. Fremri röð (frá vinstri): Haþþór Ólafsson, Hrönn Jónsdóttir, Guðrún Sigurbjörg Bergþórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Bára Laxdal Halldórsdóttir, Aron Máni Nindel Haraldsson og Guðmundur Ævar Guðmundsson. Aðalmenn miðstjórnar sem vanta á myndina eru: Finnur Víkingsson, Borgþór Hjörvarsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Margrét Halldóra Arnarsdóttir, Kristján Helgason, Elma Bjarney Guðmundsdóttir og Eyjólfur Ólafsson.

Andri Jóhannesson, FRV
 Þórunn S. Jónsdóttir, FRV
 Trausti Þór Friðriksson, FÍS
 Reynir Jónsson, RFN
 Guðmundur Smári Jónsson, FRS
 Eiríkur Arnar Björgvinsson, FRS
 Porkell Svarfdal Hilmarsson, GRAFÍA
 Anna Haraldsdóttir, GRAFÍA
 Árni Grétar Torfason RSÍ-UNG

Sambandsstjórn

(auk framkvæmdastjórnar, miðstjórnar og varamanna miðstjórnar):

Aðalmenn

Hafdís María Kristinsdóttir, FÍR
 Andri Reyur Haraldsson, FÍR
 Gísli Sigurður Gunnlaugsson, FÍR
 Björn Friðriksson, FÍR
 Eiríkur Jónsson, FÍR
 Móeiður Helgadóttir, FTR
 Elva Sara Ingvarsdóttir, FTR
 Róbert Steingrímsson, FTR
 Sigurður Ingi Kjartansson, FTR
 Einar Ágúst Kristinsson, FTR
 Hörður Bragason, FRV
 Örn Kristinsson, FRV
 Jón Hafsteinn Jóhannsson, FÍS
 Gústaf Eggertsson, RFN
 Jón Grétar Herjólfsson, RFS
 Birgir Rafn Sigurjónsson, FRS
 Jón Trausti Harðarson, GRAFÍA
 Ásbjörn Sveinbjörnsson, GRAFÍA
 Ivor Storm Mackenzie Ross, RSÍ-UNG
 Róar Björn Ottemo, RSÍ-UNG

Varamenn

Þór Ottesen Pétursson, FÍR
 Brynjar Svansson, FÍR
 Adam Benedikt Burgess Finnsson, FÍR
 Arnar Þór Björgvinsson, FÍR
 Björn Helgason, FTR
 Jón Eiríkur Jóhannsson, FTR
 Ólafur Ragnar Halldórsson, FTR
 Jóhannes Tryggvason, FTR
 Andri Guðmundsson, FTR
 Ármann Helgi Guðmundsson, FRV
 Davíð E. Sigmundsson, FRV
 Árni Jóhannsson, FÍS
 Haraldur Örn Sturluson, FÍS
 Ketill Þór Sverrisson, RFN

Helgi Guðmundsson, FRS
 Arnar Stefánsson, RFS
 Haraldur Örn Arnarsson, RSÍ-UNG
 Njáll Laugdal Árnason, RSÍ-UNG

Starfsnefndir miðstjórnar

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага

Ísleifur Tómasson og Adam Kári Helgason

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga

Adam Kári Helgason, FÍR
 Andri Jóhannesson, FRV
 Ísleifur Tómasson, FÍR
 Ráðgjafi: Ólafur Karl Eyjólfsson

RSÍ-UNG

Formaður: Aron Máni Nindel Haraldsson, FÍR
 Varaformaður: Árni Grétar Torfason, FRS
 Ritari: Haraldur Örn Arnarson, GRAFÍA
 Meðstjórnandi: Ivor Storm Mackenzie Ross, FÍS
 Meðstjórnandi: Njáll Laugdal Árnason, FRV
 Meðstjórnandi: Ólafur Ingi Sigurðsson, RFN
 Meðstjórnandi: Róar Björn Ottemo, RFN
 Meðstjórnandi: Ylva Dís Knútsdóttir, FÍS
 Meðstjórnandi: Þór Hinriksson, FÍR
 Starfsmaður: Björn Eysteinnsson

Afmælisnefnd vegna 50 ára afmælis RSÍ 2020

Bára Laxdal Halldórsdóttir, Elma Bjarney Guðmundsdóttir, Eiríkur Arnar Björgvinsson, Finnur Víkingsson, Hrönn Jónsdóttir, Viðar Már Þorsteinsson, Björn Ágúst Sigurjónsson (starfsmaður) og Hrönn Magnúsdóttir (starfsmaður).

Fjölskylduhátíðarnefnd RSÍ

Adam Kári Helgason, Anna S. Helgadóttir, Borgþór Hjörvarsson, Hafliði Sívertsen, Hilmar Guðmannsson, Jakob Tryggvason og Ísleifur Tómasson (starfsmaður).

Golfnefnd

Ásbjörn Sveinbjörnsson, Guðbjörn Ólafsson, og Helgi Einarsson

Jafnréttisnefnd RSÍ

Andri Reyur Haraldsson, Anna Melsteð, Elma Bjarney Guðmundsdóttir, Gauti Þorvaldsson,

Haukur Ólafsson, Hilmar Guðmannsson
(varamaður) og Sigrún Sigurðardóttir (starfsmaður).

Launanefnd RSÍ

Guðrún S. Bergþórsdóttir (formaður),
Hrönn Jónsdóttir (ritari), Jón Hafsteinn Jóhannsson,
Kristján Helgason, Andri Jóhannesson,
Jakob Tryggvason, Jón Óskar Gunnlaugsson
og Kristján Þórður Snæbjarnarson (starfsmaður)

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ

Andri Rey Helgason, Eiríkur Jónsson,
Jakob Tryggvason, Jón Óskar Gunnlaugsson,
Trausti Þór Friðriksson, Þórunn S. Jónsdóttir
og Ólafur Karl Eyjólfsson (starfsmaður).

Lífeyrisnefnd RSÍ

Andri Rey Haraldsson, Bára Laxdal Halldórsdóttir,
Georg Páll Skúlason, Jakob Tryggvason,
Sigmundur Þórir Grétarsson og
Guðjón Guðmundsson (varamaður).

Menntanefnd RSÍ

Georg Páll Skúlason, Finnur Víkingsson,
Hilmar Guðmannsson, Jón Sveinbert Birgisson,
Ragnar G Gunnarsson, Þórunn S. Jónsdóttir og
Guðmundur Ævar Guðmundsson (varamaður).

Orlofsnefnd RSÍ

Einar G. Guðmundsson, Eiríkur Arnar Björgvinsson,
Georg Páll Skúlason, Haraldur Örn Sturluson,
Hafliði Sívertsen, Sigmundur Þórir Grétarsson,
Sæunn Björnsdóttir, Þorkell Svarfdal
og Björn Ágúst Sigurjónsson (starfsmaður).

Siðanefnd RSÍ

Ásbjörn Svenbjörnsson, Halldór Gauti Kárason
og Sæunn Björnsdóttir

Öryggisnefnd RSÍ

Helgi Marteinn Ingason, Hrönn Jónsdóttir,
Hörður Bragason, Óskar Ingi Böðvarsson,
Reynir Jónsson, Steinar Snæbjörnsson,
Svavar Jón Bjarnason
og Þór Ottesen (varamaður).

Stjórn Furulundar

Georg Páll Skúlason

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarsstöðum

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar Ölfuborgum

Ísleifur Tómasson

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum

Georg Páll Skúlason

Stjórn Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Úthlutunarnefnd Styrktarsjóðs

Björn Eysteinnsson, Erla Sigríður Erlingsdóttir,
Georg Páll Skúlason og Ísleifur Tómasson

Ákvæðisnefnd rafiðna

Tómas Bjarni Tómasson og Oddur Bogason

Stjórn Verkiðnar

Jón Óskar Gunnlaugsson og
Georg Páll Skúlason (formaður)

Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík

Björn Ágúst Sigurjónsson og Ísleifur Tómasson

Skoðunarmenn

Anna Sigríður Melsteð, Reynir Sigurbjörnsson
og Árni H. Jóhannson (varamaður).

Stjórnarmenn Birtu Lífeyrissjóðs

Aðalmenn: Hrönn Jónsdóttir
(kjörin til aðalfundar 2020) og
Jakob Tryggvason(kjörin til aðalfundar 2020)
Varamaður: Bára Laxdal Halldórsdóttir
(kjörin til aðalfundar 2020)

Launanefnd Birtu lífeyrissjóðs

Aðalmaður; Kristján Þórður Snæbjarnarson
(kjörin til 2022)

Stjórn fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs

Formaður stjórnar: Rúnar Bachmann
Aðalmaður: Jón Óskar Gunnlaugsson

Stjórn og nefndir ASÍ

Miðstjórn ASÍ

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Borgþór Hjörvarsson

Alþjóðanefnd

Aðalmaður: Borgþór Hjörvarsson

Varamaður: Jón Óskar Gunnlaugsson

Efnahags-, skatta og atvinnumálanefnd

Aðalmaður: Ragnar G. Gunnarsson

Varamaður: Kristján Helgason

Húsnæðisnefnd

Aðalmaður: Hafliði Sívertsen

Varamaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd

Aðalmaður: Anna Melsteð

Varamaður: Haukur Þór Ólafsson

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd

Aðalmaður: Jakob Tryggvason

Mennta- og kynninganefnd

Aðalmaður: Bára Halldórsdóttir

Varamaður: Andri Jóhannesson

Skipulags- og starfsháttanefnd

Aðalmaður: Adam Kári Helgason

Varamaður: Ísleifur Tómasson

Umhverfis- og neytendanefnd

Aðalmaður: Björn Eysteinnsson

Varamaður: Helgi M. Ingason

Starfs- og fjárhagsnefnd

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fulltrúaráð VIRK

Starfsendurhæfingarsjóðs

Sigrún Sigurðardóttir

Vísinda- og tækniráð

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn Nýsköpunarsjóðs

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu

-áheyrnarfulltrúi: Björn Ágúst Sigurjónsson

(skipunartími ótilgreindur)

Félagsdómur iðngreina

Aðalmaður: Þórunn S. Jónsdóttir

Varamaður: Eiríkur Jónsson

Félagsdómur prentgreina

Aðalmaður: Hjörtur Guðnason

Varamaður: Heimir Örn Gunnarsson

Félagsdómur rafiðngreinar

Aðalmaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Varamaður: Eiríkur Jónsson

Bókagerðargreinar:

Aðalmaður: Heimir Örn Gunnarsson

Varamaður: Erna Kristjánsdóttir

Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

Sveinsprófsnefnd sterkstraums

Aðalmenn: Guðmundur Gunnarsson, Björn Gústaf Hilmarsson og Jón Ólafur Halldórsson.

Varamenn: Guðmundur Ævar Guðmundsson og Sigurður Freyr Kristinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraums

Aðalmaður Henry Arnar Hálfánarson

Varamaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Menntasjóður rafiðnaðarins

Aðalmenn: Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson

Varamaður: Ragnar G. Gunnarsson

Stjórn Rafmenntar

Hrafn Guðmannsson, Andri Jóhannesson,

Hafliði Sívertsen, Hilmar Guðmannsson

og Kristján Þórður Snæbjarnarson (varamaður)

Stjórn IÐUNNAR fræðsluseturs

Georg Páll Skúlason (formaður)

Prent- og miðlunarsvið IÐUNNAR

Georg Páll Skúlason (formaður)

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins

Aðalmenn: Margrét Halldóra Arnarsdóttir, rafvirki,
Bjarni Þór Ólafsson símsmiður,
Svavar Jón Bjarnason, rafvirki.
Varamenn: Þórunn Stefanía Jónsdóttir, rafeindavirki,
Jakob Tryggvason, tækniamaður

Nemaleyfisnefnd sterkstraum

Aðalmenn: Ísleifur Tómasson
og Hilmar Guðmannsson
Varamaður: Jens Heiðar Ragnarsson

Nemaleyfisnefnd veikstraums

Aðalmenn: Hjörtur Bjarnason og
Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Sighvatur D. Sighvatz

Stjórn 200 þúsund naglbíta

Aðalmenn: Guðmundur Ævar Guðmundsson
og Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Jakob Tryggvason

Stjórnir og nefndir erlendis**Stjórn norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF)**

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljö) NEF

Ísleifur Tómasson

Menntanefnd NEF

Guðmundur Ævar Guðmundsson

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljö)**NBTF**

Ísleifur Tómasson

Stjórn NBTF

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson
Varamaður: Borgþór Hjörvarsson

Stjórn EBTF

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn UNI-ICTS

Aðalmaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir
Varamaður: Björn Eysteinnsson

Stjórn / faghópur UNI-MEI

Jakob Tryggvason

Stjórnir aðildarféлага RSÍ**Félag íslenskra rafvirkja**

Formaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir
Varaformaður: Guðmundur Ævar Guðmundsson
Ritari: Sigmundur Þórir Grétarsson
Gjaldkeri: Hilmar Guðmannson
Meðstjórn: Eiríkur Jónsson,
Kristján Helgason, Þór Hinriksson

Félag rafeindavirkja

Formaður: Eyjólfur Ólafsson
Varaformaður: Hörður Bragason
Ritari: Davíð E. Sigmundsson
Gjaldkeri: Andri Jóhannesson
Meðstjórn: Bára Halldórsdóttir,
Haukur Ágústsson og Örn Kristinsson

Félag íslenskra símamanna

Formaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir
Varaformaður: Jón Hafsteinn Jóhannesson
Ritari: Haraldur Örn Sturluson
Gjaldkeri: Trausti Þór Friðriksson
Meðstjórn: Ylfa Dís Knútsdóttir

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Finnur Víkingsson
Varaformaður: Reynir Jónsson
Ritari: Ketill Þór Sverrisson
Gjaldkeri: Guðstaf Eggertsson
Meðstjórn: Árni Skarphéðinsson

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Steinar Guðjónsson
Varaformaður: Guðmundur Smári Jónsson
Ritari: Þorvaldur Þorvaldsson
Gjaldkeri: Birgir Rafn Sigurjónsson
Meðstjórn: Anný Björk Guðmundsdóttir

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Jón Óskar Gunnlaugsson
Varaformaður: Eiríkur Arnar Björgvinsson
Ritari: Karvel Arnarsson
Gjaldkeri: Jón Grétar Herjólfsson
Meðstjórn: Arnar Stefánsson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Formaður: Jakob Tryggvason
Varaformaður: Hafliði Sívertsen
Ritari: Hafþór Ólafsson

Myndir úr starfi RSÍ



KJARASAMNINGAR 2019 - 2020

Síðasta starfsár hefur einkennst af kjaraviðræðum. Allt frá því að almenni kjarasamningurinn var samþykktur af félagsmönnum RSÍ í maí 2019 hefur verið unnið að endurnýjun annarra kjarasamninga sem lausir voru á sama tíma. Líkt og fram hefur komið í reglulegum pistlum formanns RSÍ á vefsíðunni og í rafrænum fréttabréfum til stjórnna aðildarféлага í vetur hafa viðræður oft tekið mun lengri tíma en æskilegt er. Í maí 2020 standa enn kjarasamningar eftir sem hafa runnið úr gildi á starfsárinu. Þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið taka mið af almenna samningnum sem felur í sér almenna hækkun upp á 68.000 kr á samningstímanum og sérstaka taxtahækkun að lágmarki upp á 90.000 kr. Taxtar hafa þó hækkað meira í kjarasamningum líkt og í almenna samningnum. Stytting vinnuvikunnar

Kjarasamningur	Undirritun	Gildistími
RSÍ - SA/SART (almenni)	3. maí 2019	1. nóvember 2022
Grafía - SA (almennur)	3. maí 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Ríkið	21. janúar 2020	31. mars 2023
RSÍ – Reykjavíkuborg	22. janúar 2020	31. mars 2023
RSÍ – Borgarleikhúsið	25. júní 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Síminn og dótturf.	5. júní 2019	1. nóvember 2022
RSÍ/FÍs – Síminn og dótturf.	6. júní 2019	1. nóvember 2022
RSÍ/FÍs – Já	21. ágúst 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Félag atvinnurekenda	14. júní 2019	1. nóvember 2022
Grafía - Félag atvinnurekenda/SÍA	21. maí 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Landsvirkjun	1. nóvember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Landsnet	2. desember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – RARIK	26. nóvember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Orkuveita Reykjavíkur	3. desember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – HS Orka	28. október 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – HS Veitur	25. nóvember 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – Norðurorka	12. júlí 2019	1. nóvember 2022
RSÍ – ISAL	27. mars 2020	30. júní 2020/31. mars 2021
RSÍ – Elkem	13. febrúar 2020	31. desember 2020
RSÍ – Steinullarverksmiðjan	ágúst 2019	31. desember 2022
RSÍ – 365	Ófrágenginn	
RSÍ – Advania / NRTF	Ófrágenginn	
RSÍ – Norðurál	Ófrágenginn	
RSÍ – Alcoa Fjarðaál	Ófrágenginn	
RSÍ – Kvikmyndahúsin	Ófrágenginn	
5. kafla samningar (RSÍ-SA/SART)		
ISAVIA	maí 2019	1. nóvember 2022
RÚV	2. maí 2019	1. nóvember 2022
Marel	17. desember 2019	1. maí 2023

kemur til framkvæmda í flestum kjarasamninganna og þá er iðulega gengið út frá upptöku á virkum vinnutíma og að fjöldi dagvinnustunda verði 36 klst á viku, virkur vinnutími. Í meðfylgjandi töflu má sjá stöðu kjarasamninganna. Taldir eru stærstu 5. kafla samningarnir sem gerðir hafa verið á árinu.

Á árinu 2020 hefur gríðarlegur tími farið í verkefni sem komu til vegna kórónuveirunnar, Covid-19. Bregðast þurfti hratt við til að tryggja stöðu launafólks þegar algjört hrún varð á ferðamannaíðnaðinum. Bandaríkin lokuðu landamærum sínum, lönd innan Evrópu tóku ákvörðun um að gera slíkt hið sama og að lokum var ákveðið að takmarka ferðalög inn á Schengen svæðið. Aðrar eins takmarkanir á ferðalögum hafa ekki sést frá því samgöngur urðu eins og við áttum að þekkja þær fyrir Covid-19. Í apríl mánuði fór fjöldi ferðamanna, sem fóru um Keflavíkurlugvöll, úr rúmlega 181.000 manns árið 2019 niður í 1.262 árið 2020. Þetta er fækkun um tæplega 180.000 manns á milli ára. Sé horft til fyrstu fjögurra mánaða ársins 2020 þá hefur farþegum fækkað um 340.000 manns eða farið úr 764.000 niður í 423.000. Hér eru allir farþegar, erlendir ferðamenn sem og íslenskir. Þessar aðstæður gera það að verkum að nauðsynlegt var að grípa til neyðaraðgerða til að tryggja stöðu fólks og fyrirtækja. Ekki leið sá dagur í mars að unnið hefði verið með stjórnvöldum að útfærslu úrræða.

Í september á þessu ári mun fara fram endurskoðun á forsendum kjarasamninga, þar sem metið verður hvort forsendur standist. Forsendurnar eru í meginatriðum þrjár, að kaupmáttur launa hafi aukist, að vextir taki verulegum lækkunum og haldist lágir út samningstímann og að lokum að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar. Þrátt fyrir þessi miklu áföll sem við erum að upplifa þá eru líkur á því að kaupmáttur launa aukist. Þó er ómögulegt að segja hvaða áhrif aukið atvinnuleysi hefur á þróun launa auk þess hvernig gengi íslensku krónunnar mun þróast áfram og þá hvaða áhrif veiking hennar hefur á verðlag hér á landi. Nú þegar er farið að gæta nokkurra verðhækkana á ýmsum varningi en þó sjást ýmsar lækkanir á sama tíma.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands hafa lækkað allverulega og standa í 1% í maí 2020. Aldrei nokkurn tímann hafa stýrivextir verið svo lágir. Stýrivextir hafa lækkað úr 4,5% niður í 1% frá apríl 2019 til maí 2020

Þess má vænta að Samtök atvinnulífsins muni gerakröfu til þess að draga úr launahækkunum þegar líður á árið enda kom sú krafa upp núna í mars. Tillaga SA um að fresta eða falla frá launahækkunum féll í grýttan jarðveg í mars með sama hætti og ósk samtakanna um að falla frá mótframlagi í lífeyrissjóði upp á 3,5%.

LAUNAKÖNNUN RSÍ 2019

Launakönnun RSÍ var gerð í október og endurspeglar laun í septembermánuði líkt og undanfarin ár. Þátttakan í könnuninni var svipuð og fyrir ári síðan en alls svöruðu 1.624 félagsmenn þessari könnun. Það sem mikilvægast er að horfa í er hvernig launapróun dagvinnulauna er á milli ára. Að meðaltali voru dagvinnulaun í september 2019 621.000 kr. og hækkuðu um 3,8% að meðaltali. Það sem vert er að skoða er hversu misjafnt það er á milli félaga hvernig launabreytingar mælast en mest er hækkun dagvinnulauna á Suðurlandi eða 11,5% en dagvinnulaun lækka að meðaltali á Suðurnesjum um 1,3%. Rétt er að taka fram að þetta eru tiltölulega fáir svarendur í hvorum hópi fyrir sig sem getur valdið meiri sveiflum í mælingum á milli ára. Heildarlaun hækkuðu nokkuð minna en dagvinnulaun en heildarlaun mældust 774.000 kr og hækkuðu um 2,2% á milli ára.

Dagvinnulaun mældust 6,3% hærra á milli ára í byggingaiðnaði og voru þau 539.000 kr en laun í þeim hluta vinnumarkaðar mælast lægst í dagvinnu. Hæst dagvinnulaun mælast í tækniþjónustu eða 751.000 kr.

Spurt var um tímakaup hjá þeim sem fá greitt samkvæmt tímakaupi og var meðaltímakaupið 2.987 kr og stendur tímakaup því í stað á milli ára. Langflestir sem svara því til að fá greitt samkvæmt tímakaupi eru í byggingariðnaði.

Meðalvinnutími hjá þeim sem vinna fullt starf samkvæmt könnuninni voru 186,7 klst.

Launakönnunin er mjög umfangsmikil og hvetjum við félaga til þess að kynna sér helstu niðurstöður hennar en jafnframt gefur könnunin félögum okkar gott tækifæri til að bera sig saman við markaðinn og sækja á um launahækkanir séu laun ekki samkeppnishæf. <https://rafis.is/utgafa/launakannanir>

ORLOFSSJÓÐUR RSÍ

Orlofssjóður RSÍ heldur utan um eignir sambandsins sem stór hópur félaga okkar nýtir sér til gagns og gamans allt árið um kring. Almennt eru félagar ánægðir með orlofshúsin sem RSÍ á og rekur en lögð hefur verið áhersla á það á undanförunum árum að tryggja sjálfbæran og góðan rekstur orlofskerfisins. Áhersla hefur verið á að draga úr rekstrarkostnaði og greiða niður skuldir sjóðsins sem voru tilkomnar vegna mikillar og verðmætrar uppbyggingar á hrunárunum. Miðstjórn RSÍ tók á sínum tíma þá mikilvægu ákvörðun að halda áfram uppbyggingu í kerfinu þrátt fyrir erfiða tíma í efnahagslífi þjóðarinnar. Mikilvægt er að við höldum því áfram, sinna þarf viðhaldi og áframhaldandi uppbyggingu í kerfinu. Orlofshúsin eru farin að eldast víða og mikilvægt að viðhaldi sé sinnt því þannig tryggjum við verðmæti eigna okkar og komum til móts við þarfir félaga okkar.

Unnið hefur verið að viðhaldi orlofshúsanna á Einarstöðum á síðustu árum þar sem mikil þörf var komin á viðhald. Búið er að endurnýja hús 4 og 13 en hús 30 er eftir. Það er komið til ára sinna og ljóst að leggja þarf í miklar framkvæmdir til að koma því húsi í það ástand að það uppfylli kröfur félaga okkar til útleigu. Ekki er búið að taka ákvörðun um næstu skref varðandi það hús, hvenær verði ráðist í framkvæmdir og með hvaða hætti.

Miðstjórn RSÍ tók ákvörðun um að selja minni húsin á Kirkjubæjarklaustri. Nýting þeirra hefur verið slök og því hafa þau verið í útleigu yfir vetrartímann til sveitarfélagsins þar. Húsin eru of lítil til að uppfylla þarfir félaga okkar. Betri nýting hefur verið á B húsinu og mun það áfram verða í útleigu enda ekki svo langt síðan það hús fékk mikið viðhald og endurnýjun.

Miklar framkvæmdir hafa verið á Skógarnesi á liðnu starfsári. Hafist var handa við byggingu 150 fermetra skemmu á svæðinu og hafa þær framkvæmdir gengið vel. Stefnt er að því að hún verði tilbúin fyrir veturinn. Einnig var ráðist í byggingu tveggja lítilla húsa fyrir starfsmenn en síðastliðin tvö ár hafa verið ráðnir tveir sumar starfsmenn til að sinna tjaldsvæðinu á Skógarnesi um helgar. Aukin uppbygging á svæðinu kallar á aukið starfsfólk en aðsókn er mikil þar allt árið um kring og með opnun tjaldsvæðis á vorin eykst fjöldinn á svæðinu verulega. Húsin eru 37 fermetrar að stærð, með einu svefnherbergi. Stefnt

er að því að þessi hús verði í almennri útleigu til félaga á veturna.

Staðan í samfélaginu undir lok starfsársins vegna Covid-19 hefur haft mikil áhrif á orlofssjóð en tekin var ákvörðun um að endurgreiða allar leigur til þeirra sem þess óskuðu. Ekki liggur fyrir hversu háar upphæðir er um að ræða þar sem áhrifa vegna Covid-19 liggja ekki enn fyrir. Afbókanir vegna orlofsíbúða erlendis eru eins og gefur að skilja miklar en einhverjir félagar okkar biða átektu hvernig seinni hluti ársins þróast. Einnig var ákveðið út frá leiðbeiningum sóttvarnarlæknis að loka öllum orlofshúsum og íbúðum innanlands í apríl mánuði. Páskatímabil er þar meðtalið og ljóst að margir voru svektir að komast ekki í friðsældina yfir páskahátíðina en allir sýndu þessari ákvörðun skilning og tilbúning að leggja sitt af mörkum í baráttunni við Covid-19. Mikið hefur verið um endurnýjanir á orlofshúsakosti RSÍ frá 2018 með fjölgun íbúða á Akureyri og í Reykjavík. Með þessum breytingum voru íbúðir í Reykjavík orðnar mun fleiri en stefnt hefur verið að. Því var tekin sú ákvörðun að selja íbúðir 24 og 34 í Ljósheimum. Þessar íbúðir eru minnstar en stærri íbúðirnar virðast almennt vera vinsælli en þær

sem minni eru. Íbúð 55 í Ljósheimum tók miklum breytingum á árinu og íbúðin endurnýjuð frá grunni Einnig bættist hús við í Stykkishólmi en mikil þörf var fyrir orlofshús á þessu svæði sem sést á góðri nýtingu á húsinu. Leigusamningur vegna orlofshúss á Flúðum rann út 31.08.2019. Til að koma til móts við fækkun orlofshúsa á þessu svæði var keypt glæsilegt raðhús í Vestmannaeyjum sem kemur til útleigu í byrjun sumars 2020. Félagar okkar kunna vel að meta þessa viðbót því hver einasta vika er leigð út í allt sumar. Það á reyndar við um flest öll orlofshúsin og nýting innanlands mun betri en oft áður í upphafi og lok sumars. Ekki er ólíkegt að þar gæti áhrifa vegna Covid-19 þar sem landsmenn þurfa að draga úr ferðalögum erlendis þetta orlofsárið.

Orlofshúsum og íbúðum RSÍ fjölgaði í heild sinni á síðasta ári með aðild Grafíu að sambandinu. Ein íbúð bættist við á höfuðborgarsvæðinu, Ljósheimar 10, tvær íbúðir við Furulund á Akureyri, eitt hús í Ölfusborgum, eitt hús á Illugastöðum og 4 hús á orlofssvæðinu í Miðdal. Orlofssvæðið í Miðdal er glæsilegt útivistarsvæði með vel útbúnu tjaldsvæði þar sem stutt er á golfvöll Dalbúa í Miðdal.



Ljósheimar 55



Vestmannaeyjar



Ljósheimar 55



Vestmannaeyjar

	Dagar	Leiga	Hlutfall		Dagar	Leiga	Hlutfall		Dagar	Leiga	Hlutfall		Dagar	Leiga	Hlutfall	
		2019	2019	Röð	2018	2018	2018	Röð	2017	2017	2017	Röð	2016	2016	2016	Röð
Akureyri - Furulundur	1.295	817	63,1%	16	1.095	743	67,9%	11	1.095	912	83,3%	4	1.095	891	81,4%	1
Akureyri - Kristjánshagi	2.190	1.402	64,0%	15	1.860	1.124	60,4%	17								
Illugastaðir 3	90	14	15,6%	25												
Einarsstaðir	1.095	648	59,2%	18	1.095	556	50,8%	20	1.095	511	46,7%	17	1.095	466	42,6%	15
Flúðir	243	169	69,4%	11	365	253	69,3%	7	365	258	70,7%	10	365	236	64,7%	7
Kaupmannahöfn	365	238	65,2%	14	365	250	68,5%	9	365	250	68,5%	11	365	235	64,4%	8
Klaustur B hús	365	347	95,1%	1	109	88	80,7%	4	63	63	100,0%	1	230	109	47,4%	14
Klaustur lítil hús	730	376	51,5%	21	458	209	45,6%	21	492	235	47,8%	16	605	209	34,5%	16
Klífabotn / Illugastaðir	730	328	44,9%	23	730	293	40,1%	23	730	308	42,2%	18	730	237	32,5%	17
Reykjavík - Gerplustræti	730	491	67,3%	13	186	127	68,3%	10								
Reykjavík - Hverfisgata	1.095	799	73,0%	8	279	143	51,3%	19								
Reykjavík - Ljósheimar	2.280	1.652	72,5%	9	2.190	1.696	77,4%	5	2.190	1.617	73,8%	8	2.190	1.482	67,7%	5
Skógarnes - minni hús	1.460	1.168	80,0%	4	1.460	904	61,9%	15	1.460	942	64,5%	12	1.460	877	60,1%	10
Skógarnes - stóra húsið	365	216	59,2%	18	365	214	58,6%	18	365	209	57,3%	15	365	204	55,9%	13
Skógarnes - stærri hús	3.650	2.072	56,8%	20	3.650	2.269	62,2%	14	3.650	2.304	63,1%	13	3.650	2.222	60,9%	9
Spánn	1.095	768	70,1%	10	650	588	90,5%	1	730	610	83,6%	3	730	526	72,1%	2
Miðdalur	450	185	41,1%	24												
Stykkishólmur	365	251	68,8%	12	310	196	63,2%	13								
Svignaskarð	730	448	61,4%	17	730	442	60,5%	16	730	439	60,1%	14	730	430	58,9%	12
Vaglaskógur	365	279	76,4%	5	365	268	73,4%	6	365	271	74,2%	7	365	258	70,7%	3
Varmahlíð	365	270	74,0%	7	365	246	67,4%	12	365	260	71,2%	9	365	218	59,7%	11
Vatnsfjörður	112	92	82,1%	3	112	92	82,1%	3	112	109	97,3%	2	365	80	21,9%	18
Vestmannaeyjar	200	177	88,5%	2	180	153	85,0%	2	200	156	78,0%	5	200	135	67,5%	6
Ölfusborgir	455	339	74,5%	6	485	336	69,3%	8	1.095	820	74,9%	6	1.095	765	69,9%	4
Flórida	730	340	46,6%	22	631	284	45,0%	22								
	21.550	13.886	64,4%		18.035	11.474	63,6%		15.467	10.274	66,4%		16.000	9.580	59,9%	

Nýting orlofshúsa

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er nýting orlofshúsanna sambærileg frá fyrra ári, ekki marktækur munur á milli ára þrátt fyrir nokkra aukningu á orlofsíbúðum seinni hluta árs 2018. Vinsældir orlofshúsanna eru aðeins breytilegar á milli ára þó heildarnýtingin sé mjög svipuð.

Athyglisvert er að sjá hversu góð nýting er í orlofsíbúðum á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir fjölgun íbúða þar í lok árs 2018. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu þá eru íbúðirnar á Hverfisgötu hástökkvari síðasta árs en aukningin þar er um 21% á milli ára. Félagar okkar kunna því vel að meta þá ákvörðun sem tekin var um kaupa íbúðir í miðbænum. Nýting húsanna á Einarsstöðum heldur áfram að aukast og eykst töluvert á milli ára. Nýting íbúða í Furulundi á Akureyri hefur minnkað örlítið á milli ára en aukist að sama skapi í Kristjánshaga. Heildarnýting á þessum íbúðum er því sambærileg

á milli ára og ljóst að með aukningu á fjölda íbúða á þessu svæði hafa fleiri átt kost á húsnæði en áður. Nýting íbúða á Spáni hefur lækkað á milli ára sem skýrist af fjölgun húsa þar um mitt ár 2018. En þess ber að geta að nýting yfir háannatímann er mjög góð. Á árinu 2019 voru 180 fleiri dagar leigðir en árið á undan sem segir okkur að fleiri hafa átt þess kost en áður að leigja hús á Spáni.

Tekjur og gjöld á hvert orlofshús

Í töflunni hér að neðan má sjá hver kostnaðurinn er af rekstri orlofshúsa RSÍ ásamt því að sýndur er samanburður á milli ára. Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði er hagstæðari en á síðasta starfsári, fer úr 48,7% í 58,6%. En aukin útgjöld voru þá að mestu komin til vegna endurbóta á húsunum á Einarsstöðum. Viðhald er mikilvægur þátt í rekstri orlofshúsakerfis og kostnaður sem ekki verður hjá komist í kerfi sem þessu. Markmiðið er að veita

		Heildartekjur	Heildargjöld	Tekjur pr.hús	Gjöld pr.hús	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði	
	Fjöld.hús á ársgr.velli	2019	2019	2019	2019	2019	2018
Reykjavík - Ljósheimar	6	7.657.700	18.027.593	1.276.283	3.004.599	42,5%	76,7%
Reykjavík - Hverfisgata	3	5.875.600	5.195.778	1.958.533	1.731.926	113,1%	47,8%
Reykjavík - Gerplustræti	2	3.173.404	3.187.926	1.586.702	1.593.963	99,5%	36,6%
Svignaskarð	2	1.692.250	5.767.175	846.125	2.883.588	29,3%	39,8%
Vatnsfjörður	1	274.600	1.065.284	274.600	1.065.284	25,8%	26,0%
Varmahlíð	1	1.262.500	1.662.651	1.262.500	1.662.651	75,9%	99,6%
Akureyri - Furulundur	5	4.602.250	7.032.358	920.450	1.406.472	65,4%	38,0%
Akureyri - Kristjánshagi	6	8.132.900	10.976.602	1.355.483	1.829.434	74,1%	68,9%
Vaglaskógur	1	1.386.100	2.392.497	1.386.100	2.392.497	57,9%	44,2%
Einarsstaðir	3	1.345.516	4.340.753	448.505	1.446.918	31,0%	12,1%
Klífabotn	2	985.350	4.318.536	492.675	2.159.268	22,8%	31,0%
Klaustur B hús	1	1.266.400	477.029	1.266.400	477.029	265,5%	173,8%
Klaustur lítil - hús	2	789.450	747.861	394.725	373.931	105,6%	114,0%
Skógarnes - minni hús	4	3.981.400	13.790.057	995.350	3.447.514	28,9%	32,9%
Skógarnes - stærri hús	10	12.055.650	34.858.564	1.205.565	3.485.856	34,6%	38,3%
Skógarnes - stóra húsið	1	2.969.600	3.631.038	2.969.600	3.631.038	81,8%	71,6%
Skógarnes - Tjaldsvæði/golfv.	3	4.950.774	11.147.921	1.650.258	3.715.974	44,4%	38,3%
Ölfusborgir	2	1.171.450	2.987.337	585.725	1.493.669	39,2%	35,9%
Flúðir	1	712.100	2.719.881	712.100	2.719.881	26,2%	36,7%
Stykkishólmur	1	1.214.700	3.659.830	1.214.700	3.659.830	33,2%	21,3%
Miðdalur (3 mán)	4	1.096.150	2.838.685	274.038	709.671	38,6%	0,0%
Spánn La Zenia	3	4.706.250	4.324.064	1.568.750	1.441.355	108,8%	92,9%
Flórída	1	5.151.000	6.154.648	5.151.000	6.154.648	83,7%	10,0%
Kaupmannahöfn	1	4.018.000	4.247.627	4.018.000	4.247.627	94,6%	74,1%
Vestmannaeyjar	1	733.050	2.260.199	733.050	2.260.199	32,4%	46,3%
Samtals / meðaltal	67	81.204.144	157.811.895	34.547.218	58.994.820	58,6%	48,7%

góða þjónustu með góðum orlofshúsum/íbúðum sem uppfylla kröfur félaga okkar sem og að rýra ekki eignastöðu sjóðsins. Í meðfylgjandi töflu má sjá samanburð á milli árunna 2018 og 2019 þar sem fram kemur að leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði í Ljósheimum lækkaði um rúm 30% á milli ára. Ástæður þessa eru meðal annars minni nýting á árinu 2019 miðað við 2018 vegna aukins framboðs íbúða og aukins viðhalds á íbúðum í Ljósheimum og þar með talið á íbúð 55.

Í töflunni má einnig sjá hvernig tekjur og gjöld skiptast á milli mismunandi orlofshúsasvæða ásamt því að sjá má hvernig tekjur og gjöld skiptast niður á hverja einingu (hús). Áhugavert er að skoða húsinn á Flórída en þar kemur fram að leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði á milli árunna 2018 og 2019 fer úr 10% í 83,7%. Þarna má jafnframt sjá hversu há leigan er sem hlutfall af rekstrarkostnaði húsanna og sýnir taflan hvernig þróun leigu sem hlutfalls af kostnaði er á milli ára. Hag-

stæðustu húsinn / íbúðirnar að þessu sinni (að undanskildum húsum á Klaustri sem hafa verið í langtíma-leigu) eru íbúðirnar á Hverfisgötu og húsinn á Spáni.

STYRKARSJÓÐUR RSÍ

Styrktarsjóður RSÍ er einn mikilvægasti sjóður sambandsins og hefur nýtingin á honum aukist jafnt og þétt síðustu árin. Sjúkradagpeningar eru greiddir til þeirra félaga sem hafa fullnýtt veikindarétt hjá vinnuveitanda og verða þar með tekjulausir á veikindatíma. Þetta er jafnframt einn af þeim þáttum sem hefur aukist hvað mest á liðnu ári. Útgreiðslur jukust úr 159,2 milljónum 2018 upp í 229 milljónir 2019 sem er aukning upp á 44%.

Aukningin var jafnframt töluverð í prósentum varðandi líkamsrækt eldri borgara, líkleg skýring er sú að þessi styrkur var nýr 2018. Þar er hins vegar um lága upphæð að ræða sem vegur ekki þungt í rekstri

sjóðsins líkt og er með sjúkradagpeninga. Að sama skapi hefur þeim félögum sem sækja um líkamsræktarstyrk fjölgað um 11%. Umsóknum um fæðingarstyrk hefur örliðið fækkað á milli ára eða um tæp 6%.

Heildarupphæð styrkja sem greiddir voru út árið

2019 eru tæpar 325 milljónir og jukust um 23% á milli ára. Af þessu má sjá að hlutfall útgreiðslna af iðgjöldum er komið í 81,8%.

Nánari upplýsingar um upphæðir í hverjum styrktarflokki er að finna í töflunni hér á eftir, auk breytinga á milli ára.

	2019			2018			Mismunur	
	Upphæð	Fjöldi umsókna	Fjöldi kennitala	Upphæð	Fjöldi umsókna	Fjöldi kennitala	Upphæð	%
Sjúkradagpeningar	228.964.433	647	141	159.159.176	408	171	69.805.257	43,9%
Fæðingarstyrkur	18.870.901	118	118	20.456.691	125	125	-1.585.790	-7,8%
Jólastyrkir	770.719	15	15	439.633	7	7	331.086	75,3%
Ferðastyrkir	191.000	16	9	182.795	7	6	8.205	4,5%
Líkamsr./eldri	442.987	21	21	267.131	12	12	175.856	65,8%
Líkamsræktarstyrkir	36.642.785	1.670	1.411	32.504.051	1.319	1.265	4.138.734	12,7%
Sjúkraþjálfun og nudd	6.326.000	2.860	353	5.862.000	369	0	464.000	7,9%
Læknis- og lyfjakostn.	6.025.918	87	87	6.201.414	67	67	-175.496	-2,8%
Gleraugnastyrkir	9.177.391	345	345	8.469.727	269	269	707.664	8,4%
Hjartavernd	699.950	81	81	542.924	55	55	157.026	28,9%
Glasa/tækniþjálfun	1.567.200	19	19	1.300.000	13	13	267.200	20,6%
Krabbameinsskoðun	655.523	111	111	531.088	71	71	124.435	23,4%
Útfarastyrkir	5.516.360	11	11	5.105.748	12	12	410.612	8,0%
Meðferð hjá Sálfr.	6.677.629	1.074	214	5.985.988	300	0	691.641	11,6%
Aðrir styrkir	2.296.124	25	25	2.151.626	23	23	144.498	6,7%
Samtals	324.824.920	7.100	2.961	249.159.992	3.057	2.096	75.664.928	23,3%
Hlutfall af iðgjöldum	81,8%			66,4%				
* Grafía bætist við frá 1.10.2019								

Styrkir	2019 **	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Sjúkradagpeningar	228.964	159.159	150.667	116.553	106.509	89.592	96.075	86.554	89.294	55.072
Fæðingstyrkur	18.871	20.457	20.615	21.724	0	0	0	0	0	0
Eingr.dánarbætur	5.516	5.106	9.638	9.971	14.139	9.017	6.351	12.958	3.357	12.172
Sjúkran. og sjúkraþj.	6.326	5.862	5.813	7.163	5.284	5.867	6.163	5.993	5.488	5.210
Lyfja og lækniskostnaður	6.026	6.201	6.653	5.716	4.369	4.857	4.639	3.033	5.607	5.358
Hjartavernd	700	543	631	506	426	490	491	493	632	409
Glas- og tækniþjálfun	1.567	1.300	2.060	803	1.605	1.646	1.290	822	840	1.895
Krabbameinsskoðun	656	531	415	684	572	401	377	227	157	112
Sálfræði- og viðtalsmeðferð	6.678	5.986	3.843	2.759	2.232	1.765	1.231	1.496	0	0
Ferðastyrkir	191	183	194	369	246	241	224	470	251	108
Líkamsr. og forvarnarstarf	37.086	32.771	25.831	25.829	25.255	25.573	25.314	21.498	20.999	20.955
Gleraugnastyrkir	9.177	8.470	7.103	7.085	6.016	6.142	5.797	5.967	6.158	5.533
Jólastyrkur	771	440	963	590	194	403	1.078	1.092	1.610	840
Aðrir styrkir	2.296	2.152	1.395	836	2.553	1.184	2.255	1.950	2.030	1.699
Samtals	324.825	249.160	235.823	200.590	169.400	147.180	151.285	142.552	136.423	109.363
Hlutfallsbreyting á milli ára	23%	5%	15%	16%	13%	-3%	6%	4%	20%	

* Upphæðir eru í þúsundum króna

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ RSÍ

Fjölskylduhátíð RSÍ 2019 var haldin dagana 14.-16. júní. Hátíðin var vel sótt enda voru veðurguðirnir okkur hliðhollir þetta árið. Talið er að um 1300 manns hafi heimsótt Skógarnesið þessa helgi þegar mest var á laugardeginum þó þær tölur séu ekki staðfestar. Dagskráin var með hefðbundnum hætti en keppt var í höggleik, golfi, körfubolta, frísbígolfi, fótbolta, veiði og myndagátu spurningakeppni. Bíóleikurinn var einnig á sínum stað og hélt börnum

uppteknum frá kl 9:00 á laugardagsmorgninum og fram yfir hádegi. Kvennahlaupið var haldið á laugardeginum og skipuleggjendur forsjálar að tengja það við okkar árlega víðavangshlaup. Að keppni lokinni var verðlaunaafhending og víða mátti sjá glöð andlit með viðurkenningar sínar. Svangir keppendur gerðu grilluðum pylsum góð skil, en segja má að kveikt hafi verið á grillinu nánast allan sólarhringinn. Í ár var boðið upp á grillaðar pylsur fyrir svefninn sem mæltist vel fyrir. Hljómsveitin Næsland hélt uppi fjörinu um kvöldið og að balli loknu tók trúbador við á fótboltavellinum og söng gesti hátíðarinnar í svefn.



*Myndir frá fjölskylduhátíðinni
á Skógarnesi í júní 2019*

ERLENT SAMSTARF

Ping ETU 8.-12. júlí 2019

Ping ETU, Ástralska Rafiðnaðarsambandsins, var haldið í Ástralíu dagana 8.-12. júlí. Fulltrúar RSÍ á þinginu voru Borgþór Hjörvarsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson. Í skýrslu þeirra kom fram að starf raf- iðnaðarfélaganna í Ástralíu líktist mjög starfsemi félaga innan RSÍ. Þar eru starfandi landshlutfélög sem sjá um helstu þætti starfseminnar á viðkomandi svæði, tryggja að nálægð við félagsmenn sé nægilega mikil.

Ef við tökum dæmi um landshlutfélagið í New South Wales þá nær félagssvæðið yfir um 809.444 ferkílómetra og fjöldi félagsmanna er líklega um 15 þúsund félagsmenn af þeim um 60.000 félagsmönnum sem eru í ETU. NSW félagið er með þrjár skrifstofur og eru um 20 starfsmenn sem sjá um starfsemina á þessu svæði. Landið er gríðarlega stórt og fjöldi félagsmanna mikill. Aðildarfélag eru 8 talsins. Þau störf sem ETU nær almennt til eru og voru eftirfarandi (talið upp á ensku):

Electrical fitters, Armature winders, Electrical mechanics, Battery fitters, Railway Electricians, Telephone Fitters, Cable Jointers, Linesman, Arc Lamp Trimmers, Electrical Labourers, Electric Crane Attendants, Electricians

ETU hefur frá upphafi barist fyrir bættum kjörum félagsmanna en jafnframt hafa þau barist fyrir því að tryggja öryggi starfsmanna og auk þess viðurkenningar á störfum raf- iðnaðarmanna og að þau séu viðurkennd sem slík.

Dagleg starfsemi ETU virðist vera mjög lík því sem við þekkjum hjá RSÍ. Með landshlutfélögum sem tengja sambandið nær félagsmönnum og síðan aðalskrifstofa. Aðalskrifstofa ETU sinnir helstu verkefnum sem snúa að herferðum gegn fyrirtækjum og í hinu hefðbunda félagsstarfi. Skrifstofan tekur jafnframt á móti öllum símtölum sem berast frá félagsmönnum og vísar þeim til landshlutfélaga eftir atvikum, sé málefnið tengt því félagi og ef þörf er á að vinna meira með málið. Sé málið almenns eðlis þá er því sinnt frá aðalskrifstofum.

Ping EBTF 7.-8. nóvember 2019

Ping EBTF (EBFWW) 2019, evrópsku byggingamannasamtakanna, var haldið í Vínarborg, Austurríki dagana 7. og 8. nóvember. Fulltrúar RSÍ á þinginu

voru Kristján Þórður Snæbjarnarson og Sigmundur Þórir Grétarsson. Fjöldmörg málefni voru tekin fyrir á þinginu en það lá fyrir að mikil breyting yrði á forystu samtakanna þar sem bæði framkvæmdastjóri og formaður gæfu ekki kost á sér áfram. Við þetta urðu töluverðar breytingar á skipan í nefndir og ráð á vegum samtakanna. Johan Lindholm, formaður sænsku byggingarsamtakanna var kjörinn formaður og Tom Deleu var valinn sem framkvæmdastjóri en hann hefur mikla reynslu af félagsmálum og síðast sem formaður alþjóðatengsla ASV-CSC sem er eitt stærsta stéttarfélag í Belgíu. Í aðgerðaráætlun sem lögð var fram á þinginu kom fram að tryggja á öllum á vinnumarkaði jafna stöðu og tryggja réttindi þeirra sem ferðast á milli landa. Umhverfismálin voru jafnframt mikilvægur þáttur aðgerðaráætlunarinnar, þar sem fram kom stuðningur við þau markmið sem lögð eru í Parísarsáttmálanum. Tæknibreytingar eru einnig hluti af áætluninni og þá hvernig tryggja eigi stöðu félaga okkar og störf þeirra á vinnumarkaði til lengri tíma. Á þinginu kom fram að um 4.000 einstaklingar láta lífið í vinnuslysum í Evrópu á hverju ári og að um 250 láta látast á ári í Svíþjóð vegna asbestmengunar. Síðast en ekki síst er síðan umræðan og vinnan við að fjölga þeim sem ganga í stéttarfélag en á heimsvísu hefur baráttan við að tryggja þátttöku í stéttarfélagum gengið misjafnlega vel, víða er staðan ekki góð hvað þetta varðar.

Kvennaráðstefna IndustriALL

Alþjóðleg kvennaráðstefna IndustriALL var haldin í Genf dagana 18. og 19. nóvember 2019. RSÍ átti 5 fulltrúa á ráðstefnunni, 4 félagslega kjörna og skrifstofustjóra sambandsins. Yfirskrift ráðstefnunnar var Our Future, Our Union. Það er mat þátttakenda að þegar horft sé til framtíðar þá getum við þurft að endurhugsa stéttarfélagshugsjónina. Fjórða iðnbyltingin er að ryðja sér til rúms, og mikilvægt að fortíðin og íhaldssemi stéttarfélaganna haldi ekki aftur af okkur þegar við mætum komandi og spennandi tímum, hvort sem það er fjórða iðnbyltingin eða jafnrétti kynja. Um leið og hugað er að fjórðu iðnbyltingunni þá á að nota tækifærið og byggja upp samband á jafnréttisgrundvelli. Þrátt fyrir að fjöldi kvenna í RSÍ sé 10% á það ekki að standa í vegi fyrir að sambandið hafi sterka forystu af báðum kynjum. Á meðan sambandið endurspeglar ekki jafnrétti út á við þá verður innviðavinna með jafnrétti erfiðari. Jafnréttisbarátta er löng vegferð, snýr að báðum

kynjum og þurfa þau að vinna saman að henni. Í skýrslu þátttakenda til miðstjórnar RSÍ kom fram tillaga um að aðildarfélög RSÍ skili upplýsingum á komandi sambandsþingi um hvað félögin hafa gert til að stuðla að jafnrétti. Hvernig orðræðu hefur verið breytt í tali og rituðu máli, hvernig félögin hafa sótt, menntað og eftt einstaklinga að báðum kynjum, til forystu og þátttöku í félagslegu starfi.

Global Power Trade Unions - Washington

Dagana 6. - 9. október 2019 fór fram fundur á vettvangi Rafiðnaðarsambanda víðsvegar um heiminn. Þetta samstarf er óformlegur samráðsvettvangur sem var settur á laggirnar árið 2013 og er kallaður Global Power Trade Unions (GPTU). Markmiðið með samráðinu er að miðla upplýsingum og lýsa þeim áskorunum sem hvert land upplifir í baráttu við atvinnurekendur og ríkisstjórnir. Með þessu hefur tekist að móta gríðarlega sterkt tengslanet sem við getum leitað í þegar eitthvað bjátar á. Við höfum nýtt okkur sambönd okkar þegar nauðsynlegt hefur verið að fá upplýsingar um ýmis réttindamál á milli landa eða sótt eftir stuðningi. RSÍ studdi meðal annars félag okkar í Ástralíu síðastliðinn vetur þar sem ríkisstjórn Ástralíu hugðist setja mjög íþyngjandi lög sem takmörkuðu frelsi til að skipuleggja og reka

verkalýðsfélög, heimildir til að banna einstaklingum þátttöku í verkalýðsmálum o.s.frv. RSÍ sendi bréf á fimm þingmenn í Ástralíu þar sem þessu var mótmælt. Þess ber að geta að nú á árinu 2020 búrast þær upplýsingar að fallið hafi verið frá slíkum breytingum. Ljóst er að atvinnurekendur og ríkisstjórnir viðhafa mikið samráð og samstarf og að sjálfsgöðu ber fulltrúum launafólks að standa saman og sýna samstöðu í málefnum launafólks.

Fundur GPTU í Washington var haldinn af Rafiðnaðarsambandi Bandaríkjanna, (International Brotherhood of Electrical workers, IBEW). Formaður IBEW er Lonnie Stephenson og félagar í samtökunum eru um 775.000 talsins. IBEW nær yfir Bandaríkin og Kanada. Félagar IBEW eru að vinna í raforkuframleiðslu og flutningum, byggingariðnaði, fjarskiptageiranum, tækniþókn í fjölmiðlagreinum, framleiðslu, lestarsamgöngum og í opinberum störfum. IBEW er aðili að AFL-CIO sem er samsvarandi samtök og ASÍ eru hér á Íslandi.

Fundurinn stóð yfir í tvo daga þar sem eftirfarandi málefni voru til umræðu, málefni ungliða, rafiðnaðarmenn án landamæra, alþjóðleg pólitísk málefni, málefni lífeyrissjóða og alþjóðlegar fjárfestingar, öryggismál á vinnustöðum, misnotkun ópíóða lyfja á vinnustöðum og notkun samfélagsmiðla til að skipuleggja verkalýðsbaráttu.

Á þriðja degi var farið í heimsókn í skóla sem er í eigu IBEW, Local 26, þar sem rafvirkjun er kennd. Virkilega áhugavert var að sjá aðbúnað og utanumhald kennslunnar. Mikið er lagt upp úr verklegri kennslu og er skólinn vel tækjum búinn. Meðfylgjandi eru ýmsar myndir úr þeirri heimsókn.

Því næst var farið í skóla sem rekinn er af Lyftufélaginu, International Union of Elevator constructors (I.U.E.C), Local 10. Í báðum skólum er mikið lagt upp úr öryggismálum. Það þekkist mjög vel í lyftuiðnaðinum að öryggi er lykilþáttur, bæði fyrir starfsfólk sem vinnur við búnaðinn en ekki síður fyrir notendur búnaðarins. Endurmenntun er mikil og kröfur gerðar til þess að endurmenntunarnámskeið séu sótt reglubundið.

Bæði IBEW og IUEC eiga það sammerkt að samtökin eru mjög sterk í Bandaríkjunum líkt og annarsstaðar í heiminum. Ítök eru mikil, verkföll hafa bein áhrif og snerta notendur með beinum hætti.

Næsti fundur GPTU var fyrirhugaður á Írlandi sumarið 2020 en allar líkur eru á að sá fundur verði ekki haldinn á þeim tíma. Þegar hefur 100 ára afmælisfögnuði



Connect the union verið aflýst í raunheimum en var tilefninu fagnað í netheimum þar sem formaður RSÍ sendi kveðju frá Íslandi af þessu tilefni.

ÁLYKTANIR Á ÁRINU

4. Apríl 2020

Styðjum launafólk í framlínustörfum - kjarasamninga fyrir alla!

Miðstjórn RSÍ sendir öllum þeim sem standa í framlínustörfum baráttukveðjur, ykkar þáttur í að halda samfélaginu gangandi skiptir sköpum fyrir samfélagið. Á þessum tímum skiptir jafnframt gríðarlega miklu máli að kjarasamningar séu í gildi hjá öllum landsmönnum. Við skorum á stjórnvöld og aðra þá launagreiðendur sem ekki hafa gengið frá kjarasamningum við sína starfsmenn að gera það tafarlaust. Miðstjórn RSÍ hefur sérstakar áhyggjur af stöðu heilbrigðisstarfsfólks sem sinnir grundvallarþjónustu á þessum tímum, líkt og áður. Fleiri hópar, líkt og lögglumenn, búa við óþarfa óvissu á þessum tímum og afar brýnt að draga úr þeirri óvissu. Tökum höndum saman, stöndum vörð um réttindi landsmanna, skrifið undir kjarasamninga! Við komumst saman í gegnum þessar tímabundnu áskoranir með samstöðunni, "hlýðum Víði" og okkar frábæra þríeyki í einu og öllu.

7. Febrúar 2020

Mikilvægi iðnmenntunar fyrir samfélagið

Miðstjórn RSÍ fagnar áherslum og ábendingum Seðlabankastjóra því mikilvægi iðnmenntunar er mikil í dag, enn meiri þörf er fyrir fagmenntaða einstaklinga til að drífa samfélagið áfram og auka hagvöxt. Miðstjórn RSÍ kallar jafnframt eftir því að stjórnvöld setji af stað vinnu, í samráði við fagfélögin, að móta menntastefnu fyrir Ísland þar sem farið verði í greiningu á þörf á starfsfólki með fagmenntun. Á sama tíma verði greint hvernig framboð á námsleiðum er og þeim fjölda nemenda sem skólakerfið þarf að skila af sér út á vinnumarkaðinn. Gríðarlega mikilvægt er að koma í veg fyrir þann skort sem er á fagmenntuðum einstaklingum með því að fjölga nemendum sem komast að í skólakerfinu.

7. Febrúar 2020

Miðstjórn RSÍ sendir félagsmönnum

Eflingar stuðningskveðju!

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands lýsir yfir

stuðningi við verkfallsaðgerðir Eflingar- stéttarfélags. Aðgerðirnar tengjast kjaradeilu félagsins vegna endurnýjunar kjarasamnings starfsfólks hjá Reykjavíkurborg, sem rann út 31. mars 2019.

Miðstjórn RSÍ hvetur félagsmenn aðildarféлага sinna og annað launafólk til að virða aðgerðir Eflingar og stuðla að því að verkfallsbrot verði ekki framin.

1. Nóvember 2019

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 2019

Áskorun frá trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ styður heilshugar UN Women í baráttunni við að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Það er löngu orðið ljóst að jafnrétti í samfélaginu þarf að byggja upp með samstarfi og gagnkvæmri virðingu og er það ekki einkamál kvenna. Samfélagið þarf að aðlagast að þörfum kynjanna og tryggja jafnan rétt, jöfn kjör og öryggi á vinnustöðum á allan hátt. Öll eigum við rétt á því að starfsumhverfi okkar einkennist af gagnkvæmri virðingu í samskiptum og felur það m.a. í sér að njóta verndar gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi á vinnustað. Slík hegðun er bæði lögbrot og siðferðilega ámælisverð. Það á við hvort heldur sem um er að ræða hegðun atvinnurekanda, samstarfsmanna eða einstaklinga sem starfsmaður þarf að hafa samskipti við vegna starfs síns. Rafiðnaðarsamband Íslands hefur ákveðið að taka frumkvæði í málefnum sem stuðla að því að breyta menningunni og tryggja öruggt starfsumhverfi félaga sinna. Í þeim tilgangi verður sett upp aðgerðaáætlun til að fylgja eftir í starfi RSÍ og aðildarfélögum þess þegar upp koma áreitnis-, ofbeldis- og eineltismál. RSÍ skorar á aðila vinnumarkaðarins að taka höndum saman um að tryggja öruggt starfsumhverfi, breyta vinnustaðamenningunni til hins betra, fordæma hverskonar ofbeldi og grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir ofbeldi í samfélaginu. Við viljum tryggja að allir njóti sömu tækifæra því þá blómstrar samfélagið.

ÁKVÆÐISVINNUSTOFA RAFIÐNAÐARINS 2019

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna var hefðbundin á árinu 2019, þ.e. að sinna ákvæðisgrunninum og kennslu í Rafiðnaðarskólanum ásamt fleiri verkefnum.

Unnið var að innleiðingu á Oira áhættumati fyrir rafiðnað í samvinnu við Rafmennt og vinnueftirlitið ásamt því að starfsmaður Ákvæðisvinnustofu sá um skipulag og þjálfun fyrir Euroskills í húsa- og iðnaðarrafræmni. Hann hefur einnig haft það hlutverk að sjá um skipulagningu og framkvæmd Íslandsmóts í rafvirkjun sem haldið var í mars 2019 og tókst með ágætum.

Skilyrði fyrir aðgangi að ákvæðisvinnugrunninum á netinu er að greitt sé af viðkomandi 0,1% af launum í ákvæðisvinnugjald. Það gildir um félagsmenn í sveinafélögum rafvirkja og félagsmenn SART. Ákvæðisgjaldið er innheimt af Birtu lífeyrissjóði samhliða endurmenntunargjaldi

Samningsbundið einingaverð sveina hækkaði 1. apríl 2019 úr 630,82 kr. í 647,85 kr. eða um 2,7%.

Ákvæðisnefnd hélt 10 fundi á árinu 2019 um ýmis mál er vörðuðu ákvæðisgrunninn, að meðtöldum einum vinnufundi þar sem nefndin fór til Borgarness og tók góðan "skurk" í uppfærslum og endurmati á einingum.

Ólafur Sigurðsson lét af störfum hjá

Ákvæðisvinnustofu

Ólafur Sigurðsson lét af störfum hjá Ákvæðisvinnustofu í júní 2019. Stjórn og starfsmaður óska Ólafi velfarnaðar og þakkar honum gríðarlega verðmætt starf fyrir stofuna. Kveðjuhóf fyrir Ólaf var haldið 6. mars síðastliðinn en þar var honum afhent gjöf í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf.

Breytingar á Ákvæðisvinnunefnd

Í upphafi árs 2019 var nefndin skipuð Guðjóni Guðmundssyni og Sigurði Svavarsyni frá SART en þeim Tómasi Tómassyni og Þór Ottesen frá RSÍ. Á aðalfundi SART var Kristbjörn Óli skipaður í Ákvæðisvinnunefnd ásamt Sigurði Svavarsyni, en Guðjón Guðmundsson verður til vara, hefur hann þó verið boðaður á fundi nefndarinnar eftir sem áður.

Uppfærsla á ar.is

Vinna við nýja heimasíðu hófst af miklum krafti í september 2019 og er áætlað að hún verði komin í fulla notkun hjá notendum í júní 2020. Meiri hraði síðunnar auk þægilegra viðmóts mun gera það að verkum að hægt verður að skrá töluvert hraðar inn en áður hefur verið. Einnig er síðan notendavænni fyrir spjaldtölvur og síma ásamt því að hún bíður upp á fleiri möguleika á uppfærslum til framtíðar. Vonir

standa til um að halda áfram þróun síðunnar í lok árs 2020 eða byrjun árs 2021.

Kynningarmál

Ákvæðisvinnustofa hélt áfram kynningarstarfi með því sniði að fara í nokkra skóla sem kenna rafvirkjun. Stefnan er að fara í alla skóla sem kenna rafvirkjun árlega og kynna ákvæðisvinnu fyrir nemendum á síðustu önn í rafvirkjun.

Einnig voru nokkur fyrirtæki heimsótt sem vinna í ákvæðisvinnu, með það að markmiði að leita eftir álit frá meisturum hvað mætti bæta við ákvæðisvinnugrunnin og hver væri fræðsluþörf fyrir þá sem vinna í ákvæðisvinnu.

Mörg verkefni eru á döfinni hjá ákvæðisvinnustofu og margt nýtt mun gerast á árinu 2020. Þá er yfirlýst markmið að blása lífi í ákvæðisvinnu að nýju og auka hlut rafverktaka og rafvirkja á þessu sviði. Það er mat starfsmanns ákvæðisvinnustofunnar að nýja síðan muni hjálpa mikið til við það verkefni.

Á árinu 2019 hélt starfsmaður stofunnar þrjú þriggja daga námskeið fyrir meistaranema í rafvirkjun á vegum Rafiðnaðarskólans þar sem kennt er að nota ákvæðisgrunninn og gerð tilboða á forsendu ákvæðisvinnueininga. Seinni hluta árs 2019 var fyrirkomulaginu svo breytt þannig að námskeiðið er kennt á einum degi, og er hluti af raflagnatækni áfanga hjá Rafmennt. Eitt eins dags námskeið var kennt 2019.

Notkun ákvæðisgrunnins

Notkun ákvæðisgrunnins jókst á milli árana 2018 og 2019 en við greiningu á notkun kemur í ljós að verkefni eru aðeins fleiri og stærri. Fjöldi stofnaðra einingarblaða hefur aukist hvað mest, og er það merki um að fleiri verktakar séu að gera tilboð út frá verðskrá ákvæðisvinnu.

Einnig hafa ný fyrirtæki bæst í hóp þeirra sem vinna í uppmælingu, og er þar helst að nefna Þingvang sem er með ca 15 rafvirkja að vinna í uppmælingu.

Meðaleiningar á tímann í ákvæðisvinnu hækkuðu lítillega milli ára. Meðaldagvinnukaup sveina í ákvæðisvinnu eru rúmlega 4000 kr á tímann.

F.h. Ákvæðisvinnustofu Andri Reyrr Haraldsson



ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR

Annað starfsár RAFMENNTAR

INNIHALD

starfsemi RAFMENNTAR
fræðsluseturs rafiðnaðarins árið 2019

Pór Pálsson

Framkvæmdastjóri

Starfsár RAFMENNTAR 2019

Stjórn

Stjórn Rafiðnaðarskólans (RS) og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins (FSR) störfuðu saman á árinu 2019 sem stjórn RAFMENNTAR fram að aðalfundi í félagana 28. maí.

Á fundinum var formlega gengið frá stofnun RAFMENNTAR ehf. Skrifað var undir samþykktir félagsins af fulltrúum eigenda, Hjörleifur Stefánsson fyrir hönd SART og Kristján Þórður fyrir hönd RSÍ. Samkvæmt nýjum samþykktum var Hjörleifur Stefánsson settur formaður stjórnar til næstu tveggja ára. Aðrir í stjórn voru kosnir, Andri Jóhannesson (RSÍ), Hafliði Sívertsen (RSÍ), Helgi Rafnsson (SART), Hilmar Guðmannsson (RSÍ), Hrafn Guðbrandsson (RSÍ) varaformaður, Sigurður Gunnarsson (SART) og Vilmundur Sigurðsson (SART). Varamenn í stjórn eru Kristján D. Sigurbergsson (SART) og Kristján Þórður Snæbjarnarson (RSÍ) Stjórnin hélt 12 fundi á árinu.

Starfsmenn

Nokkrar breytingar urðu á starfsmönnum RAFMENNTAR á árinu 2019. Jakob Tryggvason fór í launalaust leyfi frá 1. febrúar og lét svo af störfum 1. maí. Guðni Guðjónsson lét af störfum 1. júní. Inga Þóra Ingadóttir sem var ráðin 1. janúar lét af störfum 1. ágúst.

Þrjú nýir starfsmenn voru ráðnir frá og með 1. ágúst. Þau eru: Alma Sif Kristjánsdóttir Verkefnastjóri kynningar og ráðgjafar, Jón Kjartan Kristinsson Verkefnastjóri miðlunar, tækni og skapandi greina og Ómar Rósinberg Erlingsson Verkefnastjóri sterk-straums.

Auk fastráðinna starfsmanna, komu 24 utanaðkomandi kennarar/leiðbeinendur að kennslu meistarskóla og á námskeiðum á árinu 2019. Einnig komu 12 aðilar að raunfærnimati á árinu. Eru þetta sem fyrr aðilar sem ýmist starfa sem kennarar við verkmenntaskóla eða sérfræðingar, hver á sínu sviði sem tæknifræðingar/verkfræðingar/iðnfræðingar, á verkfræðistofum eða sjálfstætt starfandi.

Nú sem fyrr er það skoðun þeirra sem koma að stjórn RAFMENNTAR, að fá sem hæfustu einstaklinga

úr atvinnulífinu til að sinna kennslu/leiðsögn á námskeiðum og þeim verkefnum sem þurfa sérfræðibekkingu. Það er það form sem gagnast fræðslunni best enda er þá um að ræða einstaklinga sem eru að fást við nýjustu tækni og búnað hverju sinni.

Námskeið

Aðsókn í námskeið og fyrirlestra er svipuð milli ára. Lagt hefur verið upp með að auka áherslu á virkni RAFMENNTAR á samfélagsmiðlum með auglýsingu á námskeiðum. Mikilvægi endurmenntunar er alltaf að aukast vegna sífelldrar þróunar í tækni og búnaði sem félagsmenn okkar eru að glíma við alla daga. Það ætti að ýta á að þeir leiti sér stuðnings til að geta tekist á við tæknipróunina.


Skipta má námskeiðahaldi RAFMENNTAR í tvær gerðir. Annarsveggar er það endurmenntun og hinsveggar er það námskeið meistarskóla.

Munurinn á þessu tvennu er að námskeið meistarskóla eru skyldu námskeið fyrir þá sem ætla sér að öðlast meistaráréttindi.

Ný námskrá meistarskóla var samþykkt í starfsgreinaráði haustið 2018 og hefur hún nú komið að fullu til framkvæmdar. Nokkrar áherslubreytingar voru gerðar frá fyrri námskrá þar sem fyrst og fremst er hugsað hvað það er sem rafvirkjameistari þurfi að kunna umfram svein í störfum sínum. Fagáfangarnir telja allir til eininga eins og annað nám í framhaldsskóla. Þróunarferli námskráa er svífaseint í eðli sínu þannig að ekki eru teknar inn nýjungar nema að því leiti sem þróun þeirra námsgreina sem eru kenndar leiða til. Tímaraminn er einnig fastur á hverri námsgrein. Við gerð breytinga á námskrám þarf það að vinnast í ákveðnu ferli þar sem aðilar sem um málið fjalla þurfa að komast að niðurstöðu og síðan Menntamálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneyti að samþykkja.

Á árinu 2019 voru kenndir 51 hópar af áföngum í meistarskóla. Aðsókn í nám í meistarskóla hefur verið tiltölulega jöfn undanfarin ár. Á súluriti sést þróun í nemendafjölda og fjölda hópa kennda frá árinu 2016.

Áfangarnir eru flestir kenndir í húsnæði RAFMENNTAR að Stórhöfða 27. Einn hópur hefur




þó stundað meistaránám á Akureyri. Þá hafa kennarar farið norður og haldið námskeið. En einnig hafa leiðbeinendur frá Akureyri verið fengnir að

	2016	2017	2018	2019
Nemendur	32	30	40	45
Útskriftir	21	26	22	25
Löggildingar	20	31	19	30

námskeiðum þar. Stór hluti hópsins útskrifast voru 2020. Gott samstarf er við VMA um aðstöðu til kennslu.

Líkt og sjá má á töflunni hér að neðan, þá hefur þróunin verið sú, að rúmlega 40 nýir einstaklingar hafa hafið nám í meistaraskóla á ári. Auk þess er jafnframt ýtt við þeim sem stoppað hafa tímabundið í náminu um lengri eða skemmri tíma. Sjá má á töflunni, að fjöldi þeirra sem útskrifast er nokkuð



stöðugur. En stígandi er milli ára á þeim sem stunda nám í meistaraskóla. Fjöldi þeirra sem ná sér í löggildingu er ekki eins stöðugur milli ára. Samkvæmt heimildum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eru alltaf einhverjar umsóknir frá mönnum sem langt er liðið frá útskrift úr meistaraskóla og einnig eru menn að sækja löggildingar sem legið hafa inni.

jafnframt ýtt við þeim sem stoppað hafa tímabundið í náminu um lengri eða skemmri tíma. Sjá má á töflunni, að fjöldi þeirra sem útskrifast er nokkuð stöðugur. En stígandi er milli ára á þeim sem stunda nám í meistaraskóla. Fjöldi þeirra sem ná sér í löggildingu er ekki eins stöðugur milli ára. Samkvæmt heimildum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eru alltaf einhverjar umsóknir frá mönnum sem langt er liðið frá útskrift úr meistaraskóla og einnig eru menn að sækja löggildingar sem legið hafa inni.

Eðli endurmenntunarnámskeiða er annað. Námskeiðin geta verið að hvaða tímalend sem er og henta hverju efni fyrir sig. Námskeiðin geta verið um nýjungar sem eru að koma á markað og geta verið haldin einu sinni og eða reglulega meðan eftirspurn er eftir þeirri þekkingu sem þar er kennd. Starfsmenn RAFMENNTAR eru stöðugt að skoða nýja möguleika á námskeiðum. Á heimasíðunni er hnappur þar sem gestir síðunnar eru beðnir um að koma með ábendingar á nýjum námskeiðum eða fyrirlesturum.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum á ári hefur verið svipaður undanfarin þrjú ár.

Mikið og gott samtal er við stærri fyrirtækin sem félagar starfa hjá um mikilvægi endurmenntunar.

Á árinu var áfram aukning eins og á fyrra ári í námskeið á vegum framleiðslu, veitna og stóriðnaðar. Þessi námskeið eru sprottin upp af aukinni öryggisvitund innan fyrirtækjanna og mun RAFMENNT fylgja þeirri eftirspurn eftir með frekara námskeiðahaldi í samstarfi við fyrirtækin. Áhersla verður lögð á frekari þjónustu á þessu sviði með endurskoðun á námskeiðum og framsetningu þeirra.


Nokkur námskeið sem snúa að hljóð- og myndvinnslu voru haldin á árinu þar sem virtir erlendir sérfræðingar á því sviði miðluðu af þekkingu sinni. Meðal annars



var námskeið í flutningi myndmerkja innan sjónvarpsstöðva og á milli starfsstöðva þeirra sem er að breytast úr því að vera SDI merki á coax kapli yfir í IP merki á ljósleiðara í samvinnu við EXTON. Einnig var námskeið í lýsingu viðburða í samstarfi við RUV. LED tæknin er að ryðja sér til rúms í sjónvarps- og viðburðarlýsingu, henni fylgja ný hugtök og staðlar.

Stefnan í upphafi árs var sett á að auka framboð endurmenntunarnámskeiða og kynninga hjá RAFMENNT. Stefnan hefur verið sett á að auka val námskeiða á sviði endurmenntunar í samstarfi við fyrirtæki þar sem félagsmenn starfa. Áherslan er að þeir geti sótt sér endurmenntun á styttri námskeiðum þar sem einstaka nýjungar eru í aðalhlutverki. Leitað var til birgja og þjónustuaðila og þeim boðið að halda fyrirlestur og/eða námskeið um nýjungar á þeirra sviði hjá RAFMENNT. Á haustdögum hófust svo kallaðir hádegisfyrirlestrar hjá RAFMENNT. Riðið var á vaðið með fræðslu og kynningarfund um nýjan Landspítala. Síðan þá hafa þessir fundir verið haldnir á hálfsmánaðarlega.

Öllum kennurum rafmagnsdeilda framhaldsskóla var boðið til síðsumarsráðstefnu hjá RAFMENNT um miðjan ágúst. Dagskrá ráðstefnunnar var sett saman



af fræðandi fyrirlesturum og samtali um þjónustu RAFMENNTAR við nemendur framhaldsskólanna. Kynningar voru frá Landsneti, Mannvirkjastofnun, Eflu og Smith&Norland. Einnig kom formaður sveinsprófsnefndar á fundinn ásamt fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Komu rúmlega tuttugu kennarar á ráðstefnuna.

Áttin

Áttin er vefgátt, sem greiðir leið fyrirtækja að umsóknum að starfsmenntasjóðum og fræðslustofnunum. Áttin er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og launafólks á almennum vinnumarkaði. Í gegnum hana koma umsóknir frá fyrirtækjum vegna endurmenntunar starfsmanna. Einn liður í þessu ferli er Fræðslustjóri að láni. Það verkefni byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Í gegnum þetta ferli hefur RAFMENNT komið að ýmsu námskeiðahaldi fyrir fyrirtæki eins og Borgarleikhúsið og Hörpu svo einhver séu nefnd. Í Áttina bárust 62 umsóknir árið 2019.

Námssamningar

Stígandi hefur verið í gerð námssamninga og fjölda í sveinsprófi frá árinu 2011 og er fjöldinn nú að nálgast þann fjölda er var á árunum 2007 til 2010. Gerðir voru 103 námssamningar í rafvirkjun á árinu 2019

Sveinspróf

Sveinspróf í rafvirkjun voru haldin í febrúar og júní eins og venja er til. Alls preyttu 125 einstaklingar prófið á móti 134 á árinu á undan. Hér má sjá þróun á fjölda próftaka í sveinsprófi í rafvirkjun.

Áhyggjuefni er að fall á sveinsprófi virðist vera að aukast. Sveinsprófsnefnd hefur haft áhyggjur af þessari þróun og hefur verið að skoða hvort eitthvað í framkvæmd prófsins sé að valda þessu og einnig verið í sambandi við fulltrúa skólanna vegna þessa. Sveinspróf í rafeindavirkjun eru haldin í maí og desember samhliða prófum í skólunum TS og VMA. Alls preyttu 43 nemendur próf á árinu. Prófið er sett saman úr lokaprófum áfanga á 6. og 7. önn.

Lokaprófin eru unnin í samvinnu sveinsprófsnefndar og kennara í TS og VMA. Fjöldi nemenda sem luku sveinsprófi á árinu var 22, en einungis hluti þeirra ná sér í sveinsbréf þar sem starfsþjálfun er ekki lokið þegar sveinsprófin eru þreytt. Nokkur sveifla er í fjölda þeirra sem þreyta próf í rafeindavirkun en það skýrist af því að VMA kennir eingöngu einn hóp í einu, svo annað hvert ár er engin í prófi í VMA í desember.

Afhending sveinsbréfa fór fram á Icelandair Hótel Natura í maí og september. Alls voru afhent 125 sveinsbréf við hátíðlega athöfn. Nýsveinar mættu með fjölskyldur og nutu stundarinnar og veitinga að afhendingu lokinni.

Viðurkenningar starfsréttinda

Viðurkenningar á erlendum starfsréttindum 2019 voru 68 á móti 105 umsóknum um viðurkenningu erlendra réttinda á árinu 2018. Eitthvað virðist því vera að draga úr ásókn útlendinga hingað eða fyrirtækja að fá útlendinga til vinnu.

Töluverð samskipti voru við Menntamálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna mats á menntun. Ekki er samhljómur á túlkun reglna sem farið er eftir vegna matsins. Vonandi kemst fljótt niðurstaða í það þannig að vinnuferill verði skýrari.

Raunfærnimat

Ákveðinn stöðugleiki virðist vera að koma á fjölda þátttakenda í raunfærnimati. Á árinu 2019 luku 37 nemendur 358 einingum í raunfærnimati. Árið áður voru 36 einstaklingar sem luku mati í rafiðngreinum en 39 árið þar áður. Þessir einstaklingar hafa allir starfað lengur en þrjú ár í faginu og eru eldri en 24 ára.



Kynningarmál

RAFMENNT tók þátt í ýmsum kynningarmálum á árinu. Starfamestur á Akureyri, Norðfirði, Suðurlandi, Akranesi og Suðurnesjum eru orðnir fastir liðir þar sem starfsmenn RAFMENNTAR eru með heimamönnum við kynningar.

RAFMENNT leggur til ýmsan búnað til kynninga og nýtur aðstoðar nemenda á þessum stöðum. Einnig hefur verið komið að kynningum fyrir grunnskólanemendum á opnum húsum í skólunum, svo sem Tækniskólanum.

Íslandsmót 2019

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í byrjun mars. Mótið var það glæsilegasta sem haldið hefur verið til þessa. Keppt var bæði í hefðbundinni rafvirkjun og rafeindavirkjun. Samhliða keppninni stóð RAFMENNT fyrir kynningu á rafiðngreinum með ýmsu móti. Farið var róbóta og Festo græjur til að sýna sjálfvirkni. Yfir básnum var settur skjár þar sem ýmsar tilkynningar og logo voru látin rúlla. Félagsmenn úr FÍR, FRV og RSÍ-Ung stóðu vaktina ásamt starfsfólki við kynningar. Einnig voru fengnir nemendur í framhaldsskólum til að leiðbeina gestum og gangandi við tengja og lóða smáhluti.

Rafbók og spjaldtölur

Stöðugt er verið að lagfæra efni og bæta við námsefni á www.rafbok.is. Kennarar skólana eru duglegir að leggja til efni og gera lagfæringar á því sem fyrir er. Um rafbókina er starfandi vinnuhópur sem verkefnisstjóri rafbókar boðar á fundi til skrafs og ráðagerðar.

Allir nýnemar í rafiðngreinum fengu samkvæmt venju afhenta spjaldtölvu í upphafi vor- og haust annar á árinu. Afhentar voru rúmlega 400 tölur. Þessar gjafir eru hugsaðar fyrst og fremst til að auðvelda nemendum aðgengi að rafrænu námsefni. Nýskráningar inn á Rafbók taka kipp eftir hverja afhendingu sem sýnir mikilvægi þess að nemendur hafi tækjabúnað sem nýtist við nám.

Stefnumótun

Unnið var áfram í stefnumótunavinnunni sem hófst haustið 2018. Búið er að skrifa Kynningar- og samskiptaáætlun, mat á erlendra menntun og feril við vinnu meistarskóla. Í ferli meistarskóla er ferli

skipulags hværrar annar lýst nákvæmlega. Hér má sjá myndræna lýsingu á ferlinu.

Hver rammi er skýrður ytarlega í ferlinu og fylgiskjöl tengd þeim sem hafa verið útbúin s.s. eins og eyðublöð um samning við verktaka form fyrir námsáætlun og fleiri blöð sem ganga þarf frá í vinnunni. Næstu ferlar sem vinna er byrjuð við er ferli um námssamninga og Sveinspróf.

Á árinu fékk RAFMENNT staðfestingu Menntamálastofnunar sem viðurkenndur fræðsluaðili. Staðfestingin er til eins árs en innan þess tíma þarf RAFMENNT að taka upp gæðakerfi svo hún verði framlengd í þrjú ár í senn.

